

ÁRSSKÝRSLA VINNUEFTIRLITSINS

fyrir árið 2016



ÁRSSKÝRSLA VINNUEFTIRLITSINS

fyrir árið 2016



VINNUEFTIRLITIÐ

2017

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Skipurit	4
Eftirlitssvæði og svæðisskrifstofur Vinnueftirlitsins	5
Stjórn Vinnueftirlitsins	6
Skipulagsbreytingar frá áramótum 2016/2017	7
Fjármál	8
Starfsmenn	10
Nöfn starfsmanna og starfsheiti þeirra flokkuð eftir deildum og svæðum	11
Reglugerðir, umsagnir um þingmál o.fl.	14
Próunarstarf	15
Eftirlitsstarfið	16
Stórslysavarnir	22
Markaðseftirlit	23
Eftirlit með vinnuvélum og tækjum	24
Atvinnusjúkdómar og vinnuslys	26
Fræðslu og upplýsingastarf	34
Átaksverkefni	38
Samstarf Vinnueftirlitsins við ýmsar stofnanir o.fl.	41

INNGANGUR

Mikill gangur er nú í atvinnulífinu, jákvæð þróun sem leiðir til lítils atvinnuleysis og aukinnar velmegunar þjóðarinnar. En sá böggull fylgir skammrifi að vinnuslysum fjölgar í slíku góðæri. Þannig stefnir í að tilkynnt vinnuslys sem urðu á árinu 2016 verði fleiri en áður hefur þekkt (tilkynningar eru enn að berast). Vissulega ber að hafa í huga mögulega skekkju í tilkynningum en fjöldi alvarlegra slysa bendir til að um raunverulega aukningu sé að ræða.

Á árinu urðu 4 banaslys við vinnu sem er fjölgun frá undangengnum árum. Þetta er hörmuleg niðurstaða sem enginn á að setta sig við. Tíðni slíkra slysa var yfir 2 á 100 þús. starfandi sem er mun hærra en í nágrannalöndunum. Krafan hlýtur að vera sú að allir snúi heilir heim úr vinnunni, að fólk hvorki slasist né verði fyrir áhrifum sem leiða til atvinnutengds sjúkdóms. Slík „núll sýn“ er að ryðja sér til rúms um þessar mundir, sífellt fleiri alþjóðleg fyrirtæki taka þetta markmið upp í stefnum sínum. Alþjóðatryggingastofnunin (ISSA) hefur hrint af stað átaki sem hefur að markmiði að fjölga fyrirtækjum með slíka stefnu. Stofnaður hefur verið einskonar klúbbur sem fyrirtækin gerast aðilar að með því að undirrita yfirlýsingu um „núll sýn“.



*Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri Vinnueftirlitsins*

Á alþjóðavettvangi er reyndar aukin vakning til betri vinnuverndar, Alþjóðavinnuálastofnunin (ILO) hefur þannig stofnað til átaks til að bæta vinnuskilyrði og mun Stefan Löven forsætisráðherra Svíþjóðar leiða stýrihóp þess. Bæði G7 og G20 ríkjahóparnir hafa sett þessi mál á dagskrá sína og veitt fé til þeirra. Markmiðið er að öll virðisdeðjan, frá framleiðslu, sem að miklu leyti fer fram í fátækum þróunarlöndum, til neytenda verði með ábyrgum hætti hvað varðar öryggi, aðbúnað og önnur vinnuskilyrði.

En hér heima er einnig mikið verk að vinna, framtíðarsýnin í stefnu Vinnueftirlitsins er sú að hér í okkar samfélagi sé unnt að vera með vinnuvernd í fremstu röð þróaðra ríkja. En þangað er allnokkur vegur eins og m.a. slysatölurnar sýna, en einnig eru vísbendingar um að íslensk fyrirtæki séu eftirbátar fyrirtækja í nágrannalöndunum hvað varðar áhættumat og skipulegt forvarnarstarf.

Vinnueftirlitið vinnur stöðugt að framþróun eftirlitsstarfsemi sinnar með það að markmiði að gera það enn markvissara. Fræðslustarf stofnunarinnar er öflugt um þessar mundir, en efla þarf umræðu í samfélaginu um þessi mál, það þarf vitundarvakningu. Til mikils er að vinna, fyrst og fremst eru það mannréttindi að hver og einn geti snúið heill heim úr vinnu, en rannsóknir sýna jafnframt að á vesturlöndum tapist 3 – 4% af landsframleiðslu vegna vinnuslysa og atvinnutengdra sjúkdóma. Það gera 75 – 100 milljarða í okkar samfélagi.


Eyjólfur Sæmundsson
Forstjóri

SKIPURIT

Almenn vinnulöggjöf heyrir undir velferðarráðuneytið, sem fer með yfirstjórn þessa málaflokks en Vinnueftirlit ríkisins er undirstofnun ráðuneytisins og fer með framkvæmd einstakra málaflokka.

Ráðherrar velferðarráðuneytis eru tveir síðan 23. maí, 2013. Kristján Þór Júlíusson sem fer með heilbrigðismál og Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra en undir hana heyra málefni Vinnueftirlitsins. Skrifstofustjóri málefna um vinnuvernd er Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

Hér má sjá skipurit Vinnueftirlitsins.




Skýringar:

Heilu línurnar í skipuritinu tákna bein stjórnunartengsl en brotalínurnar faglegan stuðning.

EFTIRLITSSVÆÐI OG SVÆÐISSKRIFSTOFUR VINNUEFTIRLITSINS

Á kortinu má sjá staðsetningu skrifstofa á landinu. Upplýsingar um netföng og símanúmer er að finna á heimasíðu stofnunarinnar; www.vinnueftirlit.is árið 2016.



Skrifstofur	
Reykjavík (frá vori 2017) Dvergshöfði 2, 110 Reykjavík	Akureyri Skipagata 14, 600 Akureyri
Reykjanesbær Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ	Sauðárkrúkur Faxatorg 1, 550 Sauðárkrúkur
Akranes Stillholt 18, 300 Akranes	Húsavík Útgarður 1, 640 Húsavík
Ísafjörður Hafnarstræti 1–3, 400 Ísafjörður	Egilsstaðir Kaupvangur 6, 700 Egilsstaðir
Selfoss Eyravegur 25, 800 Árborg	

STJÓRN VINNUEFTIRLITSINS

Í stjórn Vinnueftirlitsins sitja 9 manns og er hún skipuð af ráðherra hverju sinni til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar án tilnefningar, aðilar vinnumarkaðarins tilnefna sjö menn og einn stjórnarmaður kemur frá fjármálaráðuneytinu. Tveir áheyrnarfulltrúar starfsmanna sitja einnig stjórnarfundir, annar úr hópi starfsmanna frá BHM sem var Guðmundur Þór Sigurðsson og hinn úr hópi starfsmanna frá SFR sem var Guðrún Tryggvadóttir.

Núverandi stjórn var skipuð í október 2015 og eru nöfn stjórnarmanna í listanum að neðan.

Hlutverk stjórnar er skv. lögum að vera velferðarráðherra og forstjóra Vinnueftirlitsins til ráðgjafar í málum er tengjast vinnuvernd. Hún skal gera tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar, t.d. um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða. Ráðherra og forstjóri skulu leita umsagnar stjórnarinnar við undirbúning að laga- og reglugerðarsetningu er varða vinnuverndarmál. Af þessu leiðir að starfsmenn Vinnueftirlitsins vinna iðulega að endurskoðun reglna og gera tillögur um breytingar til ráðherra. Stjórnin ber einnig ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun Vinnueftirlitsins.

Stjórnarfundir eru að öllu jöfnu haldnir mánaðarlega – að frátöldum sumarmánuðunum. Haldnir voru 10 stjórnarfundir á árinu 2016.

Nöfn stjórnarmanna:

Samtök/Ráðuneyti	Fjöldi	Aðalmenn	Varamenn
Formaður	1	Margrét S. Björnsdóttir	Fjóla Hrund Björnsdóttir
Alþýðusamband Íslands	2	Björn Ágúst Sigurjónsson Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir	Rannveig Sigurðardóttir Halldór Grönvold
Bandalag háskólamanna	1	Erna Guðmundsdóttir	Georg Brynjarsson
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	1	Sverrir Björn Björnsson	Bryndís Theódórsdóttir
Samtök atvinnulífsins	2	Jón Rúnar Pálsson Kristín Þóra Harðardóttir	Bergþóra Halldórsdóttir Ragnar Árnason
Samband íslenskra sveitarfélaga	1	Sólveig B. Gunnarsdóttir	Valur Rafn Halldórsson
Fjármálaráðuneyti	1	Helgi Valberg Jenson	Sara Lind Guðbergsdóttir

SKIPULAGSBREYTINGAR FRÁ ÁRAMÓTUM 2016/2017

Um áramót 2016/2017 tóku gildi skipulagsbreytingar sem í meginatriðum fela í sér eftirfarandi:

- Fagleg starfsemi stofnunarinnar er nú í þremur sviðum, Almennu eftirliti, Rannsóknnum og fræðslu og Vinnuvélaþjónustu, en stoðþjónusta er síðan sameiginleg þvert á þessi svið
- Landinu er ekki lengur skipt í eftirlitssvæði

Tilgangur breytinganna er annars vegar að auka skilvirkni í rekstri stofnunarinnar og hins vegar að samræma betur vinnubrögð við framkvæmd eftirlits hvar sem er á landinu. Hlutverki hvers sviðs er lýst nánar hér að neðan:

Svið 1. Almennt eftirlit. Meginhlutverkið er eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og markaðseftirlit auk þátttöku í fræðslu og ýmis sérhæfð verkefni. Undir sviðinu eru fjórar deildir, Eftirlitsdeild (þar starfa nú eftirlitsmenn sem áður tilheyrðu eftirlitssvæðum), Próunar- og gæðadeild, Tæknideild og Efna- og hollustuháttadeild.

Svið 2. Rannsóknir og fræðsla. Meginhlutverkið er öflun og miðlun þekkingar á sviði forvarna gegn vinnuslysum og atvinnutengdum sjúkdómum. Sviðið skiptist í tvær deildir, Rannsóknadeild og Fræðsludeild.

Svið 3. Vinnuvélaþjónusta. Meginhlutverkið er eftirlit, stjórnsýsla og fræðsla til að stuðla að öryggi við notkun vinnuvéla. Fjögur ný fagteymi eru undir sviðinu, þ.e. Lyftur, Kranar, þrýstibúnaður og Ýmsar vinnuvélar. Eftirlitsmenn með vinnuvélum á öllu landinu heyra nú beint undir þetta svið.

Svið 4. Stoðþjónusta. Meginhlutverkið er að veita þjónustu og stuðning við starfið þvert á fagsviðin. Um er að ræða eftirtaldar einingar sem eru undir yfirstjórn forstjóra: Rekstur og þjónusta, lögfræðingur og Tölvu- og hugbúnaðardeild.

Vinnueftirlitið er áfram með skrifstofur á 8 stöðum utan höfuðborgarsvæðisins.



Nýtt húsnæði Reykjavíkur

Þann 8. desember 2016 var gengið formlega frá leigusamningi vegna Dvergshöfða 2 í Reykjavík sem er nýtt húsnæði fyrir starfsemi Vinnueftirlitsins í Reykjavík. Á myndinni eru Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, Eyjólfur Sæmundsson forstjóri og Helgi S. Gunnarsson forstjóri Regins hf. en þau þrjú undirrituðu samninginn sem síðan var sendur til staðfestingar í efnahags- og fjármálaráðuneytið.

Hið leigða húsnæði er rétt um 1600 fermetrar sem er í samræmi við þau viðmið sem sett eru. Húsnæðið var afhent 1. maí 2017.

FJÁRMÁL

Rekstrarreikningur 2016		
	2016	2015
Tekjur:		
Sértekjur	121.100.337	102.228.171
Markaðar tekjur	8.908.336	8.392.890
Aðrar rekstrartekjur	290.644.034	263.473.680
Tekjur samtals	420.652.707	374.094.741
Gjöld:		
Rekstrargjöld	760.489.673	697.693.749
Stofnkostnaður		
Gjöld samtals	760.489.673	697.693.749
Tekjur umfram gjöld	-339.836.966	-323.599.008
Framlag úr ríkissjóði	430.400.000	331.700.000
Tekjuafgangur /halli ársins	90.563.034	8.100.992
Efnahagsreikningur 31/12		
Eignir:		
Veltufjármuni:		
Viðskiptakröfur	88.189.405	38.223.548
Sjóðir og bankareikningar	14.940.951	15.046.107
Veltufjármunir samtals	121.223.382	53.269.655
Eignir samtals	121.223.382	53.269.655
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	2.206.784	-5.894.208
Tekjujöfnun ársins	90.563.034	8.100.992
Eigið fé samtals	92.769.818	2.206.784
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	32.897
Langtímaskuldir samtals	0	32.897
Skammtímaskuldir:		
Skuld við ríkissjóð	0	36.175.630
Viðskiptaskuldir	28.453.564	14.854.344
Skammtímaskuldir samtals	28.453.564	51.029.974
Eigið fé og skuldir samtals	121.223.382	53.269.655

Ýmsar tölulegar upplýsingar	2016	2015	2014	2013	2012
Starfsmenn samtals 31. desember	66	61	63	64	64
Ársverk dagvinnu	62,54	61,38	60,92	62,3	62,6
Ársverk yfirvinnu	4,46	4,38	4,66	4,4	4,3
Samtals ársverk	67,0	65,76	65,58	66,7	67,0
Starfsmannavelta: fastir starfsm sem hætta af heildarfjölda starfsmanna	7,6%	6,45%	3,20%	4,7%	3%
Konur alls	22	19	20	21	22
Karlar alls	44	42	43	43	42
Hlutfall kvenna af heild	36%	31%	32%	33%	34%
Fjöldi starfsmanna í Reykjavík	45	41	41	42	44
Fjöldi starfsmanna utan höfuðborgarsvæðisins	21	20	22	22	23
Fjöldi eftirlitsmanna í Reykjavík (stjórnendur og fulltrúar ekki taldir með)	15	14	13	13	14
Fjöldi eftirlitsmanna utan höfuðborgarsvæðisins, umdæmisstjórar eru meðtaldir	16	15	16	15	16
Hlutfall eftirlitsmanna af heildarfjölda starfsmanna	45%	46%	45%	43%	47%
Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna af heild	36%	34%	41%	38%	38%
Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn	33%	33%	33%	33%	33%
Hlutfall kvenna sem svæðisstjórar	0%	0%		0%	0%
Veikindi eru hér talin í virkum vinnudögum:					
Skammtímaveikindi (dagar)	547,5	473,5	374,84	396	369
Skammtímaveikindi pr. starfsmann (dagar)	8,75	6,7	5,52	6,4	5,9
Langtímaveikindi (dagar)	329,75	262	302,66	374	291
Langtímaveikindi pr. starfsmann (dagar)	5,3	4,3	4,8	6,0	4,6
Orlofsskuldbinding í mánuðum	86	93		91,5	90,5

STARFSMENN

Starfsmenn Vinnueftirlitsins voru 66 í árslok 2016 en 61 árið áður. Unnin ársverk voru 62,54 á árinu 2016 en 61,38 í árslok 2015. Starfsmannavelta var 7,6% en 6,45% árið áður. 22 konur störfuðu hjá Vinnueftirlitinu í árslok 2016. 44 karlar störfuðu hjá stofnuninni í árslok 2016 og er það sami fjöldi og árið áður. Hlutfall eftirlitsmanna af heildarfjölda starfsmanna er 45% en var 46% árið áður. Hlutfall háskólamenntaðra er 36% af heild en var á fyrra ári 34%. Veikindadagar á hvern starfsmann voru 8,75 árið 2016 en 5,3 á hvern starfsmann vegna langtímaveikinda. Árið 2015 voru skráðir veikindadagar á hvern starfsmann 6,7 en 4,3 dagar voru vegna langtímaveikinda.



Starfsmenn taka þátt í „Bleika deginum“ ár hvert

NÖFN STARFSMANNA OG STARFSHEITI ÞEIRRA FLOKKUÐ EFTIR DEILDUM OG SVÆÐUM

Starfsmenn Vinnueftirlitsins 31/12/16	
YFIRSTJÓRN	
Eyjólfur Sæmundsson	forstjóri
Aðalskrifstofa	
Albina Morina	launafulltrúi
Dómhildur Árnadóttir	mannauðs- og gæðastjóri
Ingibjörg Baldursdóttir	deildarstjóri
Sigríður Jóna Ólafsdóttir	fulltrúi
Sigrún Guðný Arndal	aðalbókari
Vala Björk Þórhallsdóttir	fulltrúi
Lögfræðingur	
Björn Þ. Rögnvaldsson	lögfræðingur
Hugbúnaðardeild	
Andri Geir Nielsson	verkefnastjóri
Pétur Jónasson	verkefnastjóri
Sverrir Gunnlaugsson	verkefnastjóri
SÉRFRÆÐIDEILDIR Í REYKJAVÍK	
Tæknideild	
Ágúst Ágústsson	deildarstjóri
Leifur Gústafsson	verkefnastjóri
Fræðsludeild	
Eggert Björgvinsson	verkefnastjóri
Guðmundur Ingi Kjerúlf	aðstoðardeildarstjóri
Guðmundur Þór Sigurðsson	verkefnastjóri
Inghildur Einarsdóttir	deildarstjóri
Efna- og hollustuháttadeild	
Friðrik Daníelsson	verkefnastjóri
Jóhannes Helgason	verkefnastjóri
Sigurður Karlsson	aðstoðardeildarstjóri
Víðir Kristjánsson	deildarstjóri
Rannsókn- og heilbrigðisdeild	
Ásta Snorradóttir	verkefnastjóri
Ingibjörg Þ. Marteinsdóttir	fulltrúi
Kristinn Tómasson	yfirlæknir og deildarstjóri
Kristín Þóra Kristjánsdóttir	fulltrúi

EFTIRLITSDEILDIR	
Þróunar- og eftirlitsdeild - Reykjavík	
Sigfús Jón Sigurðsson	aðstoðardeildarstjóri
Þórunn Sveinsdóttir	deildarstjóri
Vinnuvéladeild - Reykjavík	
Guðjón Magni Einarsson	eftirlitsmaður
Guðrún Tryggvadóttir	fulltrúi
Hannes Sigurgeirsson	eftirlitsmaður
Ingvi Ágústsson	eftirlitsmaður
Magnús Guðmundsson	deildarstjóri
Oddur Rósant Ólafsson	eftirlitsmaður
Sandra Heimisdóttir	fulltrúi
Stefán S. Sigurðsson	eftirlitsmaður
Steinar Helgason	eftirlitsmaður
Ægir Ægisson	eftirlitsmaður
Vestursvæði - Reykjavík	
Björn S Pálsson	aðstoðar svæðisstjóri
Fríða María Ólafsdóttir	eftirlitsmaður
Gróa Hafðís Ágústsdóttir	eftirlitsmaður
Hafðís S. Sverrisdóttir	eftirlitsmaður
Hannes Friðriksson	eftirlitsmaður
Róbert Á. Róbertsson	eftirlitsmaður
Sigurður Sigurðsson	svæðisstjóri
Valgeir Rúnar Hauksson	eftirlitsmaður
Vestursvæði - Akranes	
Guðjón Sólmundarson	eftirlitsmaður
Vestursvæði - Ísafjörður	
Helgi Mar Friðriksson	eftirlitsmaður
Vestursvæði - Reykjanesbæ	
Margrét Sigurðardóttir	fulltrúi
Ingibjörn Sigurðsson	eftirlitsmaður
Norðursvæði - Sauðárkróki	
Jón Aðalsteinn Snæbjörnsson	eftirlitsmaður
Sólveig B. Fjólmundsdóttir	fulltrúi

Norðursvæði - Akureyri	
Gunnar Vigfússon	eftirlitsmaður
Hannes Haraldsson	eftirlitsmaður
Ingvar Karlsson	eftirlitsmaður
Magnús Hermannsson	eftirlitsmaður
Sigrún Jóna Daðadóttir	fulltrúi
Sigurgeir Ágúst Stefánsson	svæðisstjóri
Austursvæði - Egilsstöðum	
Ingvar Þorleifur Hrólffsson	eftirlitsmaður
Jónas Jóhannsson	eftirlitsmaður
Sveinbjörg Ólafsdóttir	fulltrúi
Þorvaldur P. Hjarðar	eftirlitsmaður
Suðursvæði - Selfoss	
Hannes Snorrason	eftirlitsmaður
Harpa Í. Ólafsdóttir	fulltrúi
Karl Þór Hreggviðsson	eftirlitsmaður
Örn Gunnþórsson	eftirlitsmaður



Starfsmenn á Akureyri taka þátt í bleika deginum.

Frá vinstri: Hannes Haraldsson, Ingvar Karlsson, Sigrún Daðadóttir og Gunnar Vigfússon

REGLUGERÐIR, UMSAGNIR UM ÞINGMÁL O.FL.

Vinnueftirlitið vinnur í samstarfi við velferðarráðuneytið að gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Einnig vinnur Vinnueftirlitið að drögum að reglugerðum í samstarfi við stjórn Vinnueftirlitsins. Stofnunni berast á hverju ári beiðnir um umsagnir um ýmis þingmál, reglugerðardrög eða staðla sem snerta starfsemi Vinnueftirlitsins. Koma slíkar beiðnir oftast frá Alþingi en einnig frá ýmsum ráðuneytum, stofnunum og Staðlaráði Íslands.

Á árinu tók gildi:

- Reglugerð nr. 966/2016 um lyftur og öryggishluti fyrir lyftur

Vinnueftirlitið vann að drögum að eftirfarandi reglugerðum:

- Endurskoðun á reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð
- Reglugerð um notkun þrýsti búnaðar sem mun leysa af hólmi reglugerð nr. 10/1929 um eftirlit með vélum og verksmiðjum og reglugerð nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum
- Reglugerð um skráningu og skoðun bílalyftna
- Reglugerð um skráningu, rekstur og eftirlit með togbrautarbúnaði til fólksflutninga
- Reglugerð um uppsetningu og niðurtöku röraverkpalla og verulegar breytingar á uppsettum röra- verkpöllum

Á árinu veitti Vinnueftirlitið umsagnir um eftirfarandi þingmál:

- Frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl.

ÞRÓUNARSTARF

Vinnuumhverfisvísar – til að greina áhættuþætti í vinnuumhverfinu

Vinnuumhverfisvísar starfsgreina og gátlistar á heimasíðu Vinnueftirlitsins eru gagnlegir fyrirtækjum í eigin vinnuverndarstarfi við að greina áhættuþætti í vinnuumhverfinu. Þeir eru jafnframt notaðir af eftirlitsmönnum stofnunarinnar til að tryggja samræmt og heildstætt fyrirtækjaeftirlit.

Einnig er þar að finna sértæka vinnuumhverfisvísa, sem gagnast þegar skoða þarf einstaka áhættuþætti nánar. Vísir um félagslegan og andlegan aðbúnað á vinnustöðu var endurskoðaður á árinu 2016 í ljósi áherslna í nýrri reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Áhættumat og forvarnir

Ákveðið hefur verið að þróa fleiri rafræn verkfæri fyrir rafrænt gagnvirk áhættumat, OiRA (On-line Risk Assessment), en það er gert í samvinnu við Evrópsku vinnuverndarstofnunina í Bilbao á Spáni. OiRA hentar mjög vel fyrir flest fyrirtæki hérlandis. Á árinu 2016 var unnið að áhættumati fyrir hárgreiðslustofur og er það nú að finna á heimasíðunni ásamt áhættumati fyrir skrifstofur og veitingahús/mötuneyti. Er um að ræða öflug og einföld verkfæri til að gera áhættumat starfa. Rafrænu verkfærin hafa fengið góðar móttökur notenda og verður stefnt að öflugri útgáfu fleiri verkfæra á komandi miss-erum.

Þróun verklags

Fyrirtækjaeftirlit stofnunarinnar byggir á gæðahandbók. Á árinu 2016 voru vinnureglur um kvartanir vegna félagslegs aðbúnaðar á vinnustað og viðbrögð Vinnueftirlitsins endurskoðaðar.

EFTIRLITSSTARFIÐ

Eftirlitsstarfi Vinnueftirlitsins er skipt í eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtækjum, stofnunum, við bygginga- og mannvirkjagerð og í landbúnaði, gjaldskyldar skoðanir vinnuvéla og tækja, markaðseftirlit, umsagnir og leyfisveitingar stofnunarinnar.

Fyrirtækjaeftirlit

Eftirlitsaðferðir og flokkun fyrirtækja

Vinnueftirlitið hefur undangengin 10 ár beitt mismunandi eftirlitsaðferðum háð stærð fyrirtækja. Fyrirtæki með 30 starfsmenn eða fleiri hafa verið tekin í *Aðlagð eftirlit* og flokkuð samkvæmt ákveðnu matskerfi. Flokkunin ræðst annars vegar af skipulagi vinnuverndarstarfs hjá viðkomandi fyrirtæki og hins vegar af mati á vinnuaðstæðum með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna. Hefur flokkunin áhrif á hversu oft fyrirtæki er skoðað af eftirlitsmanni. Fyrirtæki með færri en 30 starfsmenn eru flest í *svokölluðu reglubundnu eftirliti* og ræðst þá skoðanatíðnin af áhættu starfsgreinarinnar.

Aðrir þættir svo sem kvartanir starfsmanna, slys og óhöpp, átaksverkefni í starfsgreinum og eftirfylgni við nýjar reglugerðir hafa einnig áhrif á það hvaða vinnustaðir eru heimsóttir.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og flokkun fyrirtækja og útibúa í aðlöguðu og reglubundnu eftirliti.

Fjöldi fyrirtækja með útibúum í fyrirtækjaskrá Vinnueftirlitsins skipt í flokka eftir eftirlitsaðferð og áhættu

Skráð fyrirtæki með útibúum eftir áhættuflokkum	Skráð 31.12. 2012	Skráð 31.12. 2013	Skráð 31.12. 2014	Skráð 31.12. 2015	Skráð 31.12. 2016
Aðlagð eftirlit (viðmið: fyrirtæki með ≥30 starfsmenn) <i>Frammistaða fyrirtækis ræður flokkun</i>					
1. flokkur, skoðun sjötta hvert ár	158	193	261	217	206
2. flokkur, skoðun fjórða hvert ár	127	125	131	129	128
3. flokkur, skoðun annað hvert ár	223	248	218	268	268
Samtals	508	566	610	614	602
Reglubundið eftirlit (viðmið: fyrirt. með 1-29 starfsm.) <i>Áhætta í starfsgrein ræður flokkun</i>					
0. flokkur, skoðun árlega (ekki fyrirt. sjálfkrafa hér)			1	1	1
1. flokkur, skoðun annað hvert ár	2.986	2.859	2.753	2.796	2.863
2. flokkur, skoðun fjórða hvert ár	3.000	3.242	3.438	3.634	3.817
3. flokkur, skoðun sjötta hvert ár	3.639	3.866	4.105	4.317	4.439
4. flokkur, óreglubundin skoðun	1.885	1.892	1.939	1.901	1.960
Samtals	11.510	11.859	12.236	12.649	13.080
Samtals fyrirtæki/útibú	12.018	12.425	12.846	13.263	13.682

Skráðum fyrirtækjum og útibúum hefur fjölgað um rúmlega 400 miðað við árslok 2015. Fjöldi fyrirtækja í aðlöguðu eftirliti er nánast óbreyttur milli ára. Hafin er vinna við að skoða skipulag og aðferðir eftirlitsins með það að markmiði að áhættustýra eftirlitinu enn frekar og beita þá breytti nálgun.

Forvarnaraðgerðir á landsvísu - dreifibréf

Mikilvægt markmið í stefnu og starfi Vinnueftirlitsins er fækkun vinnuslysa og atvinnutengds heilsutjóns. Markvisst er unnið að þessu hjá stofnuninni. Sérstaklega er vert að benda á eftirfarandi forvarnaraðgerðir tengdar eftirliti á árinu 2016:

• Hættulegar vélar og tæki í fiskvinnslu – ný eftirlitsaðferð

Vegna fjölgunar slysa í fiskvinnslu, oftast tengt vélum og tækjum, fór Vinnueftirlitið í eftirlitsátak haustið 2013. Átakið stóð til ársloka 2016 og er fjallað um það annars staðar í þessari skýrslu. Í tengslum við átakið var sent út dreifibréf í maí 2016 þar sem gerð var grein fyrir nýrri eftirlitsaðferð við heimsóknir í fiskvinnslu. Sú nýbreytni yrði tekin upp að þegar gefin hafa verið fimm fyrirmæli um vanbúnað véla og tækja, og eftirlitið sér enn frekari vanbúnað véla og tækja, hætti það skoðun. Við slíkar aðstæður er metið að ekki sé til staðar fullnægjandi færni meðal forsvarsmanna og starfsmanna fyrirtækisins til að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði vegna véla og tækja. Þá fær atvinnurekandi fyrirmæli um að leita sér aðstoðar þjónustuaðila, sem er viðurkenndur af Vinnueftirlitinu til að endurskoða eða gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði, þ.m.t. áhættumat og áætlun um forvarnir, er varðar vélar og tæki.

• Vinna barna og unglunga

Í vinnuslysaskrá Vinnueftirlitsins fyrir árin 2010-2015 kom fram að vinnuslys meðal ungs fólks væru mjög algeng, en á þessu tímabili voru 420 vinnuslys tilkynnt hjá 18 ára og yngri. Vinnueftirlitið sendi því í lok maí 2016 dreifibréf til forráðamanna fyrirtækja og stofnana í starfsgreinum þar sem algengt er að ungmenni starfi. Í dreifibréfinu var vakin athygli á reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga en hún nær til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Þar er fjallað ítarlega um hvaða störf mismunandi hópar mega vinna og ekki vinna. Einnig er fjallað um áhættumat, leiðbeiningar og kennslu ungmenna, vinnutíma, kvöld- og næturvinnu og hvíldartíma.

Í bréfinu var hnykkt á því að atvinnurekendur er skyld að gera sérstakt áhættumat og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilsu ungmenna. Vinnueftirlitið beindi því til forráðamanna að slíkt áhættumat yrði gert áður en störf hæfust að sumri, lægi það ekki fyrir og bent á leiðbeiningar um áhættumat á heimasíðu stofnunarinnar. Sérstök athygli var vakin á að því ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna með hættulegum tækjum eða að hættulegum verkefnum.

Þá var í lok bréfs vakin athygli á þema Evrópsku vinnuverndarvikunnar 2016-2017 „Vinnuvernd alla ævi“ þar sem verið er að leggja áherslu á mikilvægi forvarna frá upphafi starfsævinnar, sjá <http://vinnueftirlit.is/vinnuvernd/vinnuverndarvikur/>.

Fyrirtækjaheimsóknir og rannsókn vinnuslysa

Heildarfjöldi heimsókna í fyrirtæki var svipaður og árið 2015. Heildstæðar skoðanir í reglubundnu og aðlöguðu eftirliti drógust saman um 15% miðað við árið á undan. Alls voru þær 831 en þar af voru heildstæðar skoðanir í landbúnaði 41. Til viðbótar við beint vettvangseftirlit eru reglubundin samskipti við mörg fyrirtæki í formi funda um vinnuverndarstarf þeirra, t.d. fundir með öryggisráðum og öryggisnefndum vinnustaða, þegar tilefni er til.

Skoðanir í almennu fyrirtækjaeftirliti 2012–2016

Flokkun skoðana/verkefna í fyrirtækjaeftirliti	2012	2013	2014	2015	2016
	fjöldi	fjöldi	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Reglubundið eftirlit - heildstæð grunnskoðun	1092	1196	1010	945	827
Reglubundið eftirlit – endurskoðanir	22	11	12	27	18
Aðlagð eftirlit – grunnheimsókn	78	80	71	27	4
Aðlagð eftirlit - endurskoðun	0	1	0	0	0
Takmarkaðar skoðanir	735	684	676	602	629
Endurskoðanir vegna takmarkaðra skoðana	0	1	17	6	6
Fjöldi eftirlitsskoðana samtals	1.927	1.973	1.786	1.607	1.484
Aðrar fyrirtækjaheimsóknir	206	267	218	148	268
Fyrirtækjaheimsóknir samtals	2.133	2.240	2.004	1.755	1.752
Rannsókuð vinnuslys	112	112	145	136	116

Takmörkuðum skoðunum þar sem sjónum er beint að ákveðnum atriðum á vinnustaðnum fjölgaði heldur eða um 4,5% miðað við árið 2015 en slíkar skoðanir geta m.a. verið vegna kvartana eða ábendinga og sérstakra átaksverkefna.

Í ljósi manneklu og mikils vaxtar á vinnumarkaði er erfitt að halda áætlun um að framkvæma reglubundnar skoðanir í hinum ýmsu starfsgreinum, þar sem töluvert er um erindi sem berast stofnuninni á degi hverjum og bregðast þarf fljótt við.

Flestar skoðanir árið 2016 voru gerðar í eftirfarandi starfsgreinum: Bygginga- og mannvirkjagerð (333), veitinga- og hótélrekstri (293), fiskiðnaði (92), opinberri þjónustu (91) og smásöluverslun (89).

Stofnunin er enn falið og nær engan veginn leiðbeinandi evrópskum og alþjóðlegum viðmiðum um fjölda eftirlitsmanna á hverja 10 þúsund starfandi. Viðmið Alþjóðlegu vinnumálastofnunarinnar ILO er 1 eftirlitsmaður á hverja 10 þús. starfandi og hjá Evrópusambandinu 1,1 á hverja 10 þús. starfandi. Á Norðurlöndum er algengt að hlutfallið sé 1,4 á hverja 10 þús. starfandi. Hérlandis er fjöldi eftirlitsmanna um 0,7 á hverja 10 þús. starfandi og vantar því enn verulega upp á að þessum viðmiðum sé náð.

Vinnuslys og forvarnir

Fjöldi tilkynnta vinnuslysa árið 2016 voru heldur færri en árið á undan eða 2.006 miðað við 2.040 árið 2015. Rannsókuð vinnuslys voru 116 talsins.

Við árslok 2016 voru rúmlega 11% á vinnumarkaði erlendir starfsmenn og hafði fjölgað um tvö prósent frá árinu á undan. Hlutfall erlendra starfsmanna af þeim sem slösuðust á árinu skv. tilkynningum til Vinnueftirlitsins var um 18% þannig að þeir virðast vera í aukinni hættu á að slasast í vinnu. Við gerð áhættumats á vinnustað er mjög brýnt að horfa til þess hvernig vinnuhópurinn er samsettur, m.a. hvort hann er fjölþjóðlegur og hvort töluð eru fleiri tungumál. Mikilvægt er að allir starfsmenn fái viðeigandi fræðslu, þjálfun og upplýsingar á tungumáli sem þeir skilja til að koma í veg fyrir vinnuslys. Jafnframt þarf að tryggja öllum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og góðan aðbúnað sem eiga að vera sjálf-sögð mannréttindi á Íslandi sem og annars staðar.

Hlutfallsleg fjölgun slysa varð mest í byggingastarfsemi en þar fjölgaði slysum um 18% milli 2015 og 2016. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fjölgaði starfandi í byggingariðnaði aðeins um 3,5% á sama tímabili sem vekur upp spurningar. Mikill hraði við byggingarframkvæmdir, spennan á vinnumarkaði og mikill fjöldi erlendra starfsmanna eru allt atriði sem geta haft þar áhrif. Vinnueftirlitið vill því brýna fyrir öllum við verklegar framkvæmdir að huga vel að vinnuvernd, ekki síst öryggismálum og skipulagi vinnunnar. Er það á ábyrgð verkkaupa, hönnuða, verktaka og stjórnenda að samþætta vinnuvernd inn í undirbúning og framkvæmd verka og vanáætla ekki þann tíma og mannafla sem þarf til að vinna verkin. Samræmingaraðili öryggismála á byggingavinnustað, sem verkkaupi skipar, gegnir lykilhlutverki í að samræma mismunandi verkþætti til að tryggja öryggi þeirra sem að verkinu koma á framkvæmdatíma.

Samvinna við aðrar eftirlitsstofnanir

Á árinu 2016 var framhaldið þeirri samvinnu sem hófst árið 2015 milli opinberra eftirlitsaðila til að vinna gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Stéttarfélög taka einnig þátt í þessari samvinnu. Hlutverk Vinnueftirlitsins er að hafa eftirlit með því að ákvæði laga og reglugerða um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sé framfylgt. Samstarfið er áfram í þróun og er m.a. unnið að laga-breytingum sem gera samvinnu stofnananna skilvirkari.

Niðurstöður eftirlits í fyrirtækjum

Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir fyrirmæli og ábendingar Vinnueftirlitsins, flokkuð eftir því hvort þau beinast að aðbúnaði, hollustuháttum, öryggi eða öðrum þáttum. Einnig er yfirlit yfir þvingunaraðgerðir en þær geta t.d. falist í að banna tiltekinn búnað, loka vinnustað, banna vinnu eða leggja á dagsektir. Einnig er greint frá kærnum til lögreglu.

Fyrirmæli, ábendingar, þvingunaraðgerðir og kærur 2012-2016

Fyrirmæli og ábendingar, þvingunaraðgerðir og kærur	2012	2013	2014	2015	2016
Fyrirmæli um bætt hollustuhætti	689	626	493	557	571
Fyrirmæli um bætt öryggi	1111	1085	918	1188	1339
Fyrirmæli um bættan aðbúnað	174	186	133	129	147
Fyrirmæli um vinnuverndarstarf	951	962	806	782	677
Önnur fyrirmæli	6	6	8	22	19
Fyrirmæli samtals	2.931	2.865	2.358	2.678	2.753
Ábendingar um bætt hollustuhætti	165	129	168	95	60
Ábendingar um öryggi	175	178	142	116	63
Ábendingar um bættan aðbúnað	19	29	22	12	6
Ábendingar um vinnuverndarstarf	138	122	152	105	60
Aðrar ábendingar	7	14	8	6	0
Ábendingar samtals	504	472	492	334	189
Fyrirmæli og ábendingar samtals	3.435	3.337	2.850	3.012	2.942
Undirbún. dagsekta - andmælaréttarbréf	36*	48*	54*	46*	*46
Ákvörðun um álagningu dagsekta	8	7	7	7	7
Notkun/vinna bönnuð	64	80	65	132	157
Þvingunaraðgerðir samtals	72	87	72	139	164
Kærur til lögreglu	3	0	2	2	2

*Ekki reiknað með í samtölu

Öryggisfyrirmælum fjölga

Heildarfjöldi fyrirmæla í fyrirtækjaeftirliti jókst um tæp 3% árið 2016 þó heimsóknum hafi fækkað, sem þýðir að fleiri fyrirmæli voru gefin í hverri heimsókn en áður. Ábendingum fækkaði hins vegar um tæplega 43% miðað við árið 2015. Oftast eða í um 94% tilvika gáfu eftirlitsmenn fyrirmæli um úrbætur sem fylgt er eftir á kerfisbundinn hátt. Algengust voru fyrirmæli um öryggi en þau voru um helmingur allra gefinna fyrirmæla eða tæplega 49% miðað við 44% árið 2015. Vinnueftirlitið gaf um 40% fleiri öryggisfyrirmæli í byggingariðnaði árið 2016 en árið á undan. Svipaða sögu er að segja úr fiskiðnaði en þar fjölgaði slíkum fyrirmælum um 37% milli ára. Í báðum þessum starfsgreinum eru vinnuslys algeng og því gríðarlega brýnt að unnið sé kerfisbundið að því að tryggja öruggt vinnuumhverfi.

Þvingunaraðgerðir í eftirliti – algengastar í byggingariðnaði

Þvingunaraðgerðum, sem leiddu til þess að vinna eða notkun tækja var bönnuð, var beitt í 157 tilvikum árið 2016. Er það um 19% aukning miðað við árið 2015. Það ár hafði orðið tvöföldun miðað við árið 2014 en þá voru slíkar þvingunaraðgerðir 68. Þessa miklu fjölgun má að mestu rekja til aukins eftirlits og hertra aðgerða í eftirliti með byggingariðnaði en þvingunaraðgerðum, sem leiddu til stöðvunar vinnu eða banns við notkun tækja, fjölgaði um 41% í greininni milli ára. Aukið eftirlit hefur einnig verið með vélum og tækjabúnaði, m.a. tengt eftirlitsátaki í fiskiðnaði 2013-2016. Taflan hér á eftir varpar ljósi á fimm helstu starfsgreinarnar sem algengast var að þvingunaraðgerðum væri beitt í árið 2016.

Þvingunaraðgerðir árið 2016 – fimm helstu starfsgreinarnar

Fyrirmæli og ábendingar, þvingunaraðgerðir og kærur	Þvingunaraðgerðir		
	Notkun bönnuð, stöðvun vinnu	Tafarlaugar úrbætur á staðnum	Samtals
Bygging og viðgerð mannvirkja	96	47	143
Fiskiðnaður; hraðfrystihús, fiskvinnslustöðvar	25	4	29
Veitinga- og hótélrekstur	4	1	5
Framkvæmdir opinberra aðila	3	2	5
Málmsmiði, vélav., skipasmiði og skipav.	2	3	5

Vinnuverndarstarf fyrirtækja – áhersla á upplýsingar og fyrirmæli

Í stefnu Vinnueftirlitsins 2015-2018 er sérstök áhersla á að efla markvisst vinnuverndarstarf á vinnustöðunum sjálfum. Á árinu 2016 var í eftirlitsheimsóknum lögð rík áhersla á innra vinnuverndarstarf fyrirtækja og að upplýsa og fræða atvinnurekendur og starfsmenn um þau mál. Þessi áhersla endurspeglast einnig í því að rúm 25% allra fyrirmæla í eftirliti árið 2016 sneru að skipulagi vinnuverndarstarfs fyrirtækja, þ.e. gerð áhættumats, kosningu öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða og fræðslu og þjálfun þeirra sem og starfsmanna, og voru það næst algengustu fyrirmælin á eftir öryggi.

Blása þarf til sóknar í vinnuverndarstarfi fyrirtækja

Stærri hluti fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri hafa á að skipa öryggisvörðum (67%) og öryggistrúnaðarmönnum (69%). Það hefur fækkað um 1% í báðum hópum sem eru veruleg vonbrigði, því þessir aðilar eru þeir sem taka þátt í að byggja upp markvisst vinnuverndarstarf innan fyrirtækja ásamt atvinnurekanda. Um helmingur fyrirtækja með 10-49 starfsmenn sem hafa á að skipa öryggisvörðum (48%) og öryggistrúnaðarmönnum (51%). Hefur öryggisvörðum fækkað um 3% borið saman við 2015 en fjöldi öryggistrúnaðarmanna staðið í stað. Blása þarf því til sóknar. Atvinnurekendur þurfa að gefa vinnuverndarstarfinu vægi og tíma til að hindra slys og heilsutjón, ekki síst á tímum þarf sem spenna og hraði á vinnumarkaði er mikill.

Markmið Vinnueftirlitsins er a.m.k. 80% fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri verði með vinnuverndarstarf í samræmi við ákvæði laga fyrir árslok 2018. Það felur m.a. í sér að fyrir hendi séu öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir, sem vinna kerfisbundið að því að tryggja gott vinnuumhverfi í samvinnu við atvinnurekandann, sem ber ábyrgð á vinnuumhverfinu. Í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri eiga vera starfandi svokallaðar öryggisnefndir. Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar á vinnumarkaði leggist á árar og tryggi að framangreint markmið náist og starfsmenn geti komið heilir heim úr vinnu, bæði dag hvern og við starfslok.

Áhættumat – enn vantar mikið upp á

Samkvæmt gagnagrunni stofnunarinnar hafa 46% fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri gert áhættumat. Í litlum fyrirtækjum með 1-9 starfsmenn er hlutfallið heldur lægra eða 41%. Þetta stöðumat byggir á eftirlitsheimsóknum sem hafa átt sér stað frá maí 2009 en þá hófst skráning á stöðu áhættumats fyrirtækja. Hlutfall fyrirtækja með áhættumat er enn mjög lágt hérlandis miðað við önnur lönd í Evrópu, en þar gera um 77% fyrirtækja áhættumat reglubundið (ESENER-2, 2015) en markmið þess er að fyrirbyggja vinnuslys og heilsutjón starfsmanna. Ljóst er að blása þarf til sóknar og þurfa atvinnurekendur taka þessi mál föstum tókum. Til mikils er að vinna því rannsóknir sýna að markviss vinnuvernd skilar miklum ávinningi bæði fyrir vinnustaðinn og starfsmenn.

Vinnueftirlitið leggur áherslu á að þróa verkfæri sem fyrirtæki geta nýtt sér við gerð áhættumats. Nú geta fyrirtæki meðal annars nýtt sér rafrænt gagnvirk áhættumat á heimasíðu stofnunarinnar við áhættumat starfa á skrifstofu, í veitingahúsum/mötuneytum og á hárgreiðslustofum. Mörg önnur verkfæri er einnig að finna á síðunni. Vinnueftirlitið býður jafnframt upp á sérstök námskeið í gerð áhættumats, sjá nánar á heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Eftirfylgni fyrirmæla - dagsektir

Atvinnurekanda er skylt að sjá til þess að Vinnueftirlitinu sé send tilkynning um úrbætur vegna fyrirmæla sem stofnunin hefur gefið en berist ekki slík tilkynning þrátt fyrir ítrekanir er gripið til þvingunaraðgerða. Stofnunin sendi 46 andmælaréttarbréf vegna fyrirmæla árið 2016 og er það sami fjöldi og árið á undan. Oftast bregðast atvinnurekendur hratt við slíkum bréfum þannig að ekki kemur til álagningar dagsekta eða að andmæli þeirra eru tekin til greina og mál felld niður. Lagðar voru dagsektir á sjö fyrirtæki árið 2016 en þær námu alls um 6,1 milljónum króna.

Hollustuhættir

Í næstu töflu má sjá hvernig skoðunaratriði sem falla undir hollustuhætti skiptast en athugasemdir á því sviði voru um 21% allra gefinna fyrirmæla og ábendinga. Á því sviði voru oftast gerðar athugasemdir um efni og efnaáhrif (43%), líkamlegt álag/líkamsbeitingu (21%), vinnurými (15%) og inniloft (9,5%).

Fyrirmæli, ábendingar, þvingunaraðgerðir og kærur 2012-2016

	Fjöldi fyrirmæla					Fjöldi ábendinga				
Hollustuhættir skoðunaratriði	2012	2013	2014	2015	2016	2012	2013	2014	2015	2016
Efni og efnaáhrif	290	305	234	245	244	62	55	65	49	30
Félagslegur aðbúnaður	17	23	25	20	28	5	2	3	0	1
Hávaði	27	15	14	21	16	14	11	9	3	2
Inniloft	110	88	91	74	54	17	17	17	13	5
Krabbameinsvaldandi efni	0	0	0	7	0	0	0	2	0	0
Líffræðilegir áhættuþættir	1	6	4	2	5	0	0	2	0	0
Lýsing	45	18	20	19	17	6	3	11	3	3
Rafsegulsvið	0	0	0	0	1	0	0	1	0	0
Verkstöðvar – líkamlegt álag/ líkamsbeiting	100	74	46	74	120	20	8	12	5	5
Vinnurými	99	97	59	95	86	41	33	46	22	14
Alls	689	626	493	557	571	165	129	168	95	60

Félagslegur aðbúnaður

Margar fyrirspurnir berast Vinnueftirlitinu á ári hverju vegna meints eineltis á vinnustað. Leitast stofnunin við að veita viðeigandi upplýsingar og leiðbeiningar þar að lútandi. Á árinu 2016 bárust stofnuninni 16 formlegar kvartanir um meint einelti á vinnustað en árið 2015 voru slíkar kvartanir 37.

Þegar slíkar kvartanir berast fundar Vinnueftirlitið með forráðamönnum og öryggisnefnd vinnustaðarins til að tryggja að forvarnir sem stuðla að góðum félagslegum aðbúnaði séu til staðar, m.a. að vinnustaðurinn hafi gert áhættumat fyrir félagslegan aðbúnað. Einnig er kannað hvort til staðar séu forvarnir og viðbragðsáætlun samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Kvartanirnar sem slíkar eru ekki teknar til umræðu enda ekki lagaheimild til slíks en gefin fyrirmæli ef framangreindum atriðum er ábótavant.

Á árinu 2016 gaf Vinnueftirlitið 20 fyrirmæli varðandi félagslegan aðbúnað á vinnustað. Þar af voru 11 fyrirmæli vegna þess að áhættumat vegna félagslegra þátta vantaði eða var ófullnægjandi og 18 fyrirmæli vegna atriða sem sneru að samskiptum, einelti, áreitni á vinnustað og upplýsingaflæði.

STÓRSLYSAVARNIR

Fyrirtæki sem vinna með eða meðhöndla mikið magn af hættulegum efnum, s.s. eldsneyti, lofttegundir, sprengiefni eða eiturfæni, þurfa að hafa sérstakar varnir vegna stórslysahættu. Vissir vinnustaðir eru þó undanþegnir, s.s. hafnir og varnarmannvirki. Stórslys er það kallað þegar mikið magn hættulegra efna kemst úr ílátum sínum eða ef mikill eldsvoði, sprenging eða eitrunarhætta verður. Starfsstöðvarnar eru flokkaðar í hærri og lægri flokk eftir magni efna. Stöðvarnar eru nú 9 í hærri flokknum en 10 í lægri, samtals 19, en voru áður sem mest 24 en eftir lokanir og sameiningu stöðva hefur þeim fækkað. Þeim mun þó fyrirsjáanlega geta fjölgað aftur með nýjum iðnaði. Starfsstöðvarnar í hærri flokknum þurfa að gera grein fyrir vörnunum í sk. öryggisskýrslum sem birtar eru á heimasíðu Vinnueftirlitsins og eru þær uppfærðar reglulega.

Stöðvarnar þurfa líka að gera neyðaráætlanir um möguleg stórslys fyrir starfsstöðina sjálfa en einnig sérstaka ytri neyðaráætlun fyrir svæðin í kringum fyrirtækið. Hún fjallar um viðbrögð nágranna og hvernig slökkvilið og aðrir viðbragðsaðilar koma að vettvangi verði stórslys sem gæti haft áhrif út fyrir sjálfa starfsstöðina. Ytri neyðaráætlunin er gerð með slökkviliði og lögregluyfirvöldum viðkomandi svæðis í samvinnu en það eru viðbragðsaðilarnir sem þurfa að takast á við afleiðingar mögulegs stórslyss í nágrenni starfsstöðvanna. Allar ytri neyðaráætlanirnar eru einnig birtar almenningi á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Fyrirtækin dreifa þeim líka óumbeðið til nágranna til kynningar. Stærri og hættumeiri fyrirtækin halda reglulega æfingar með viðbragðsaðilum. Margar af starfsstöðvum hættulegra efna eru núorðið einnig með alþjóðlega viðurkennd öryggisstjórnkerfi í slysavörnum og umhverfisvernd og fylgjast vel með þróuninni á alþjóðavísu.

Þegar ný iðjuver eru í farvatninu, eða breytingar gerðar á starfandi starfsstöðvum, er athugað hvort stórslysavarnir þurfi og þá hvernig þeim verður háttáð áður en starfsleyfi eru gefin. Getur þá þurft að taka tillit til allmargra þátta, m.a. heilsuverndar starfsmanna, landnýtingar, gerða nágrannabyggðar og umhverfis og byggðaskipulags, ef stórslysahætta stafar af fyrirtækinu. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd stórslysavarnanna, fylgist með starfsstöðvum, fer yfir áætlanir, skýrslur og öryggisstjórnkerfi stöðvanna og veitir aðgang að upplýsingum fyrir bæði almenning, stofnanir og fyrirtæki sem málin varða.

Á vesturlöndum hefur umfang stórslysa farið frekar minkandi, miðað við umfang framleiðslu hættulegra efna. Miklar framfarir hafa orðið á síðustu áratugum í stórslysavörnum og á það ekki síst við



Starfsmenn fara í viðeigandi búning áður en jólas krautið er sett upp. Þarna eru Ingibjörg Marteinsdóttir og Eggert Björgvinsson að kanna hvað komi upp úr kössunum til að setja á jólatréð

hérlandis. Af Evrópulöndum eru á Íslandi flestar stórslysavarnaskyldar starfsstöðvar sé miðað við höfðatölu landsmanna, það stafar meðal annars af stórum efnanýtandi atvinnuvegum og dreifðri byggð. Fyrirtækin hérlandis hafa endurbætt öryggisstjórnkerfin og lagt meiri áherslu á öryggi í sínum rekstri. Aukin tækni og betri tækjabúnaður hefur gert rekstur og umsjón nákvæmari og eftirlit auðveldara. Viðbragðsaðilar hafa þróað sínar aðferðir, slökkvilið eru betur búin og aðgangur að slökkvimiðlum fyrir sérhæfð verkefni hefur verið stóraukinn.

MARKAÐSEFTIRLIT

Eftir að EES samningurinn tók gildi 1994 hafa ýmsar tilskipanir ESB sem samræma þær kröfur sem gerðar eru til öryggis varnings innan ESB verið innleiddar með lögum og reglugerðum á Íslandi. Tilgangur þessara tilskipana, er að tryggja samræmdar öryggiskröfur varnings á sameiginlega markaði ESB/EES í því skyni að tryggja öryggi almennings og frjálsan flutning varnings. Markaðseftirlit er sú aðferð sem notuð er til að tryggja að varningur uppfylli þær öryggiskröfur sem gerðar eru til varnings á grundvelli þessara tilskipana og þeirra staðla sem tengjast þeim.

Vinnueftirlitið er ábyrgt markaðseftirlitsyfirvald í skilningi 12 tilskipana ESB en þær hafa það sameiginlegt að varða vörur sem notaðar eru af starfsmönnum við vinnu. Af þessum 12 tilskipunum eru 9 þeirra svokallaðar „nýaðferðartilskipanir“. Í stuttu máli þá byggja slíkar tilskipanir á þeirri hugsun að varningur teljist öruggur ef hann er CE-merktur en einungis er heimilt að CE-merkja vöru ef hún er í samræmi við öryggiskröfur viðkomandi „nýaðferðartilskipunar“ og viðeigandi Evrópu staðla. Hlutverk markaðseftirlits skv. slíkum tilskipunum er því að tryggja að varningur sem fellur undir þær, sé réttilega CE-merktur að undangengnu áhættu- og samræmismati og að hann uppfylli lágmarkskröfur viðkomandi tilskipunar eins og hún er innleidd hér á landi.

Vinnueftirlitið hefur markaðseftirlit með ýmsum vörum svo sem vinnuvélum, lyftum, ýmiskonar þrýsti búnaði, persónuhlífum, sprengiefni sem notað er til verklegra framkvæmda, úðabrusum og ýmsum öðrum vörum. Í raun er listinn ótæmandi því búnaðurinn sem heyrir undir þessar reglugerðir er mjög margvíslegur t.d. ýmiss konar tæki og búnaður sem fellur undir reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað (vélatilskipunina). Vinnueftirlitin á hinum Norðurlöndunum hafa samskonar markaðseftirlitshlutverk.

Vinnueftirlitið skráir allar stærri vinnuvélar og lyftur sem fluttar eru inn til landsins. 1642 vinnuvél og 138 bílalyftur voru nýskráðar hér á landi en þessar vélar falla undir reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, er þetta meira en 100% fjölgun frá því árinu áður. Einnig voru 161 fólks- og vörulyftur nýskráðar á árinu 2016 en þær falla undir reglugerð nr. 341/2003 um fólklyftur og fólks-

og vörulyftur, hér er sömuleiðis um meir en 100% fjölgun skráningar en frá árinu 2015. Við hverja nýskráningu fer fram markaðseftirlit, þ.e. athugað er hvort vélarnar séu réttilega CE-merktar, hvort samræmisýfirlýsing liggi fyrir o.fl. Ef þetta er ekki til staðar þá fá þessar vélar ekki skráningu hér á landi. Einnig er markaðseftirlit að aukast með innlendum framleiðendum véla og tækja.

Almennt er mikið um fyrirsögnir og erindi er tengjast markaðseftirliti, bæði frá öðrum markaðseftirlitsaðilum, frá notendum, samkeppnisaðilum og í gegnum samevrópska RAPEX tilkynningarkerfið sem aðvarar öll ábyrg markaðseftirlitsyfirvöld í ESB/ EES við hættulegum vörum. Tilkynningar úr RAPEX kerfinu berast vikulega og þarf að yfirfara þær og vinna þær RAPEX tilkynningar sem heyra undir verksvið Vinnueftirlitsins. RAPEX hefur nú samtengt öðru kerfi ESB, ICSMC sem tengir markaðseftirlitsyfirvöld betur saman.

Áætlað hafði verið að fara í markaðseftirlitsátak með persónuhlífum á árinu. En vegna flutnings stofnunarinnar hefur það frestast og eru uppi hugmyndir að fara í slíkt átak á næsta ári.



Starfsmaður Vinnueftirlitsins Sigfús Sigurðsson að láta hanna nýtt skilti fyrir Vinnueftirlitið

EFTIRLIT MEÐ VINNUVÉLUM OG TÆKJUM

Í eftirfarandi töflum má sjá fjölda vinnuvéla og tækja, sem skráðar voru til skoðunar hjá Vinnueftirlitinu í árslok 2016, og upplýsingar um skoðanir á þeim.

Skráðar vélar og tæki	2014	2015	2016
Vinnuvélar	19.142	20.077	20.244
Skíðalyftur	54	53	50
Fólks- og vörulyftur	3.156	3.292	3.400
Bílalyftur*	1.653	1.727	1.717
Eimkatlar, þrýsti hylki og geymar**	644	665	660
Samtals skráðar vinnuvélar og tæki í árslok	24.649	25.814	26.071

*Bílalyftur skoðaðar annað hvert ár. **Geymar eru skoðaðir þriðja hvert ár

Nýskráðum vinnuvélum/tækjum hefur fjölgað mikið frá fyrra ári.

Vinnuvélar og tæki	2014	2015	2016
Nýskráningar á árinu	748	1.509	1.933
Skráð eigendaskipti á árinu	3.555	4.638	3.117

Einn aðalþáttur starfsins er eftirlit með vinnuvélum og tækjum. Í eftirlitinu er skoðaður ýmis öryggisbúnaður s.s. hemlar, stýri búnaður, stjórnæki, vinnuljós, burðarvirki o.fl. Í töflunni hér á eftir má sjá að reglubundnum skoðunum vinnuvéla og tækja hefur fjölgað á milli áranna 2015 og 2016. Fækkun hefur orðið á öðrum skoðunum frá árinu 2014 en það er vegna þess að með breyttu tölvukerfi (Tækjaveri) þarf ekki lengur að skrá skoðunarskýrslu við nýskráningar og afskráningar véla.

Skoðanir vinnuvéla	2014	2015	2016
Stórskoðun (katlar, þrýsti hylki og lyftur)	64	80	79
Reglubundnar skoðanir	14.092	14.416	15.010
Endurskoðanir	94	273	251
Aðrar skoðanir	702	515	496
Samtals	14.952	15.284	15.836

Í töflunni hér á eftir sést niðurstaða skoðana, hve margar vélar fá fulla skoðun eða eru án athugasemda, hve margar hálfa skoðun og fjöldi athugasemda. Fjöldi athugasemda og ábendinga hafur aukist frá árinu 2015.

Niðurstöður skoðana	2014	2015	2016
Full skoðun – án athugasemda	11.220	11.178	10.971
Skoðun, ábending	1.784	2.024	2.706
Hálf skoðun, endurskoðun	236	367	400
Hálf skoðun, tilkynning um úrbætur	1.409	1.483	1.524
Notkun bönnuð/innsiglaðg.	303	232	235
Samtals	14.952	15.284	15.836
Fjöldi athugasemda	8.590	9.077	8.942

Í eftirfarandi töflu sést hlutfallið á milli skoðunarskyldra vinnuvéla, tækja og skoðana. Hlutfall reglubundinna skoðana vinnuvéla hefur lækkað frá árinu 2015 en starfsmönnum í eftirliti hefur ekki fjölgað í samræmi við fjölgun á vélum og tækjum til skoðunar.

Vinnuvélar til skoðunar	Vélar til skoðunar 2015	Reglub. skoðanir 2015	Skoðunarhlutfall % 2015	Vélar til skoðunar 2016	Reglub. skoðanir 2016	Skoðunarhlutfall % 2016
Samtals vinnuvélar	18.416	11.320	61%	18.926	11.156	60%
Tæki til skoðunar						
Fólks/vöru*/lyftur fyrir hreyfih.	3.218	2.928	91%	3.262	3.132	96%
Bílalyftur*	832	536	64%	1.250	610	50%
Samtals lyftur	4050	3464	86%	4.512	3.742	83%
Eimkatlar, þrýstihylki, geymar**	652	218	33%	567	191	34%

* Vöru- bílalyftur eru skoðaðar annað hvert ár. ** Geymar eru skoðaðir þriðja hvert ár.

Fjöldi útgefna vinnuvélaskírteina hefur verið svipaður síðust þrjú ár en fækkun verklegra prófa á milli áranna. Taflan hér á eftir sýnir fjölda verklegra prófa og útgefna skírteina síðustu þrjú ár.

Verkleg próf og útgefin skírteini	2014	2015	2016
Útgefin vinnuvélaskírteini	2.343	2.447	2.397
Endurútgáfa	495	607	623
Samtals	2.838	3.054	3.020
Verkleg vinnuvélapróf	6.103	5.852	5.426

ATVINNUSJÚKDÓMAR OG VINNUSLYS

Atvinnusjúkdómar

Alls bárust Vinnueftirlitinu 11 tilkynningar um atvinnusjúkdóma eða meinta atvinnusjúkdóma á árinu 2016. Þessi mál lutu að loftmengun vegna iðnaðarstarfa og minnir á hve mikilvægt er að tryggja að ryk og reykur frá störfum berist ekki frá starfsemi í öndunarfæri starfsmanna. Þá lutu þessar tilkynningar að rakaskemmdum í húsnæði vinnustaðar, en mörg slík mál eru í deiglu þó fáar tilkynningar um atvinnusjúkdóm berist þess vegna. Það verður að teljast forgangsatriði að unnið sé í því að húsnæði vinnustaða sé þurr og hreint. Grunnatriði þess er rétt hönnun í upphafi með vandaðri byggingarvinnu og síðan í kjölfarið góð umgengni og viðhald. Þá lutu mál að ofnæmi/ ofurnæmu gagnvart fiskafurðum og er í þessu samhengi afar brýnt að minna á að við matvælaframleiðslu þá úðist ekki prótein í vit starfsmanna. Þá lutu tilkynningar að geðröskun í kjölfar erfiðs sálfélagslegs vinnuumhverfis. Þá lutu mál að endurteknum augnáverkum í málmvinnslu.

Þessi fjölbreytileiki sem þessar fáu tilkynningar bera með sér undirstrikar hvað hættur í vinnuumhverfi eru margbreytilegar. Það er mikilvægt að undirstrika að þættir í vinnuumhverfi er lúta að tækjum og búnaði sem eru orsakavaldar í þessum tilkynningum, voru sannarlega að valda fleiri einstaklingum óþægindum en þeim sem tilkynnt var um. Lausnir fyrir þetta starfsfólk eru til þess fallnar að gagnast fjölmörgum til framtíðar og því má fullyrða að þessar tilkynningar hafi skilað gagni til framtíðar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélag.

Nú er á þriðja ár síðan unnt var að tilkynna rafrænt um atvinnusjúkdóma í gegnum svo kallað Sögu kerfi sem sjúkrahús og heilsugæsla notar. Það hefur enn ekki leitt til fjölgunar í tilkynningum. Þá hefur mikil starfsendurhæfingarstarfsemi í landinu enn ekki beint hugum heilbrigðiskerfis meira að vinnustaðnum þannig að tilkynningum fjölgi. Miðað við nágrannalöndin erum við að fá mjög fáar tilkynningar. Skaðinn af því er augljós, þar sem það sem ekki er skráð er ekki til og því verða viðbrögð í samræmi við það. Þetta kemur því í veg fyrir að heilsuspillandi vinnuumhverfi sé bætt tímanlega.

Banaslys við vinnu

Alls eru skráð 4 banaslys við vinnu.

Karlmaður, 27 ára dó þegar kör sem hann var að ná í féllu ofan á hann.

Karlmaður, 54 ára dó þegar vörubíll með flutningavagn fór út af.

Karlmaður, 55 ára dó þegar hann féll niður í gegnum þak og ofan á gólf þar sem viðhaldsvinna fór fram.

Karlmaður, 62 ára dó þegar verið var að tengja heimtaug við nýbyggingar.

Vinnuslys

Á árinu 2016 var tilkynnt um alls 2017 vinnuslys, 1307 karlar og 710 konur. Þetta er eins og sjá má í töflunni hér að neðan svipaður fjöldi og sl. tvö ár en heldur meira en árin þar á undan. Hér þarf að hafa þann fyrirvara að fjöldi tilkynnta slysa getur hækkað þar sem því miður eru einhver fyrirtæki sem senda tilkynningar sýnar þegar langt er um liðið frá slysinu. Fjöldi slysa í mannvirkjagerð hefur farið vaxandi á ný sl. þrjú ár, sem endurspeglar væntanlega aukin umsvif. Þessi aukning er þó ekki á neinum skala við það sem sást fyrir 2009. Fjöldi tilkynnta slysa í fiskiðnaði hefur heldur minnkað en þó minna en sem nemur væntingum okkar vegna átaks til fækkunar slysa í greininni. Eins og í fyrri ársskýrslum Vinnueftirlitsins hefur verið undirstrikað að frá 2011 hefur verið ljóst að þessi geiri ásamt annarri matvælavinnslu er hluti af starfsemi þar sem mörg slys verða sem mætti með einföldum aðgerðum fækka verulega eða fyrirbyggja alveg. Ljóst er að fiskvinnslan og önnur matvælaframleiðsla sem byggir á gæðastjórnun og aðferðum til að hámarka gæði vörunnar verður að gera eða halda áfram með kerfisbundið átak til þess að tryggja öryggi sinna starfsmanna við vinnu sína. Opinber stjórnsýsla, þ.m.t. lögregla en einnig aðrir innan þess geira tilkynna hins vegar um langflest slys og óhöpp. Staðreynd sem þarf að beinast til stjórnarráðsins og ekki síst innarríkisráðuneytis um að krefjast þess að þeir axli ábyrgð í að bæta vinnuumhverfi sinna starfsmanna og þeirra sem heyra undir opinberra stjórnsýslu. Hér þarf milli ára að horfa til þess að sk. skoðunareiningar hafa breyst og verið betur skilgreindar og getur það haft áhrif á fjölda skráðra slysa í atvinnugrein. Á þetta einna helst við innan opinberrar þjónustu og opinberrar stjórnsýslu. Það sem vekur athygli líka í þessari töflu er það sem ekki hefur breyst mikið. Þannig hefur tilkynningum um slys í veitinga- og hótélrekstri einvörðungu fjölgað lítillega á sl. fimm árum.

Vinnuslys tilkynnt til Vinnueftirlitsins eftir kyni og atvinnugrein s.l. á 5 ára tímabili.

	2012		2013		2014		2015		2016	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Ál- og járnblendiiðnaður	34	6	36	5	34	4	33	6	20	1
Bílgreinar	11	0	27	0	15	0	31	3	19	0
Bygging og viðgerð mannvirkja (atvinnur.)	77	3	85	1	129	0	135	2	158	4
Bygging og viðgerð mannvirkja í eigin þágu	0	0	1	0	2	0	3	0	1	0
Efnaiðnaður	15	6	14	5	8	4	9	10	9	8
Fasteignar. og þjónusta við atvinnurekstur	38	13	30	9	34	9	28	8	35	14
Fiskiðnaður; hraðfrystihús, fiskv.stöðvar	85	56	116	70	108	80	94	82	76	62
Fiskiðnaður; síldarsöltun, fiskimj.v. o.fl.	3	1	0	1	3	0	4	3	2	0
Fiskveiðar	15	3	22	2	7	9	10	6	11	3
Fjarskipta- og pósthjónusta	33	51	23	34	37	37	37	41	47	41
Flutningastarfsemi o. fl.	100	8	91	20	103	26	141	24	130	35
Framkvæmdir opinberra aðila o. fl.	18	5	21	12	15	1	18	5	11	0
Grunnskólar og gagnfræðaskólar	6	24	1	34	4	29	6	23	7	24
Götu og sorphreinsun	20	2	21	3	21	2	28	1	36	0
Heildverslun	42	13	43	9	50	20	44	21	44	11
Landbúnaður	13	7	15	8	7	4	16	4	12	8
Matvælaíðnaður; vinnsla landbúnaðarafurða	50	13	61	23	59	18	46	15	43	18
Matvælaíðnaður; önnur en vinnsla landb.af.	23	3	42	11	43	19	34	15	46	21
Málsmíði, vélav., skipasmíði og skipav.	103	1	109	1	127	2	107	2	111	4
Menningarstarfsemi	15	15	18	19	7	18	18	16	20	13
Opinber stjórnsýsla	128	76	187	60	198	85	180	85	179	75
Opinber þjónusta o.fl.	72	177	72	193	73	240	82	269	70	245
Óviss starfsemi	30	21	34	21	57	19	54	23	67	13
Pappírsvöruiðnaður	9	1	5	1	1	0	3	2	5	2
Peningastofnanir	2	5	1	5	1	4	4	13	8	10
Persónuleg þjónusta önnur en bílaþjónusta	12	13	15	11	10	16	12	14	24	23
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	19	3	19	0	11	5	11	1	12	0
Rekstri hætt eða hann liggur niðri	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
Smásöluverslun	18	19	21	18	28	18	32	23	27	28
Steinefnaíðnaður	13	0	13	0	19	0	16	0	25	1
Trjávöruiðnaður	8	0	8	0	8	0	12	0	9	0
Tryggingar	1	7	0	4	0	3	3	3	2	1
Varnarliðið og ísl. starfsl. erl. sendir.	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Vefjariðnaður	4	0	2	0	0	0	5	0	4	0
Veitinga- og hótélrekstur	33	32	28	29	30	34	29	32	29	44
Ýmiss iðnaður og viðgerðir	4	1	8	2	4	3	6	0	8	1
Samtals	1055	586	1189	611	1253	709	1292	752	1307	710

Þetta er þrátt fyrir margföldum á umfangi starfseminnar. Í greininni starfar fjöldi útlendinga og verður að hafa áhyggjur af því að mögulega er töluvert um að tilkynningarskyldu vinnuslysa sé ekki sinnt. Eftir atvinnugreinum þá sveiflast fjöldi slysa í hverri grein allnokkuð milli ára. Það eru um 5 slys tilkynnt fyrir hvert slys sem er tilkynnt þar sem beinbrot hefur orðið. Beinbrot eru ákveðinn mælikvarði á alvarleika því að vart er hægt að hugsa sér annað en að forföll verði í kjölfar slíks. Þegar litið er á töfluna hér fyrir neðan má horfa til þess að helstu verkefni í forvörnum ættu að vera í opinberri stjórnsýslu, byggingu og viðgerð mannvirkja og opinberri þjónustu og síðan í ýmiss konar annarri starfsemi. Þó þarf að huga að fleiri sjónarmiðum, t.d. þar sem mikill vöxtur er í atvinnugreinum og þekking starfsmanna og stjórnenda takmörkuð á grunnreglum um tilkynningu slysa þá er hætta á því að slíkum tilkynningum sé í engu sinnt.

Vinnuslys tilkynnt til Vinnueftirlitsins eftir kyni og atvinnugrein á sl. 5 ára tímabili.

Eftir atvinnugreinum þá sveiflast fjöldi slysa í hverri grein allnokkuð milli ára. Það eru um 5 slys tilkynnt fyrir hvert slys sem er tilkynnt þar sem beinbrot hefur orðið. Beinbrot eru ákveðinn mælikvarði á alvarleika því að vart er hægt að hugsa sér annað en að forföll verði í kjölfar slíks. Þegar litið er á töfluna hér fyrir neðan má horfa til þess að helstu verkefni í forvörnum ættu að vera í opinberri stjórnsýslu og þjónustu, byggingu og viðgerð mannvirkja og síðan í ýmiss konar annarri starfsemi. Þó þarf að huga að fleiri sjónarmiðum, t.d. þar sem mikill vöxtur er í atvinnugreinum og þekking starfsmanna og stjórnenda takmörkuð á grunnreglum um tilkynningu slysa þá er hætta á því að slíkum tilkynningum sé í engu sinnt.

Tilkynningar um vinnuslys þar sem beinbrot hefur orðið eftir kyni og ári. (Atvinnugrein tiltekin ef 40 eða fleiri hafa brotnað á síðustu fimm árum í viðkomandi grein)

	2012		2013		2014		2015		2016	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Opinber þjónusta o.fl.	17	38	12	45	15	44	13	73	15	54
Opinber stjórnsýsla	15	10	21	5	21	16	19	18	22	16
Bygging og viðgerð mannvirkja (atvinnur.)	26	0	23	0	35	0	30	0	43	3
Óviss starfsemi	11	10	9	6	20	8	16	11	24	2
Málmsmiði, vélav., skipasmiði og skipav.	27	0	18	0	21	1	26	0	21	1
Fiskiðnaður; hraðfrystihús, fiskv.stöðvar	12	4	24	13	17	7	14	2	9	6
Flutningastarfsemi o. fl.	19	2	10	2	18	6	23	1	20	5
Heildverslun	6	2	16	1	7	3	10	3	14	3
Fjarskipta- og pósthjónusta	3	7	3	7	7	6	8	6	6	3
Fasteignar. og þjónusta við atvinnurekstur	10	2	10	2	10	1	9	0	9	3
Veitinga- og hótélrekstur	6	3	4	4	7	7	4	3	6	4
Smásöluverslun	3	5	4	2	3	4	8	4	6	3
Matvælaíðnaður; önnur en vinnsla landb.af.	4	1	5	3	8	1	6	8	3	1
Annað	40	26	62	30	39	23	57	26	56	27
Samtals	199	110	221	120	228	127	243	155	254	131

Orsakir vinnuslysa

Orsakir vinnuslysa eru fjölþættar. Hér vísast til þess þáttar sem beint olli líkamstjóni. Þrátt fyrir að vinnuslys séu algengari meðal karla en kvenna þá eru fallslys á jafnsléttu algengari meðal kvenna en karla og hefur svo verið um lengri tíma. Þá eru það frekar karlar sem falla úr hæð eða klemmast í vélum. Þetta undirstrikar að vinnumarkaður er kynskiptur að verulegu leiti en jafnframt að áhættur eru mögulega ekki sambærilegar fyrir kynin. Þá er rétt að vekja enn athygli á liðnum ofraun á líkama sem er slys þegar eitthvað brestur í líkamanum vegna of mikil álags eða byrði. Þetta er vinnuslys samkvæmt

skilgreiningu um vinnuslys en hér verða oft deilumál í tryggingum þar sem þetta er ekki slys vegna skyndilegs utanaðkomandi þáttar. Tryggja þarf að tryggingarvernd hér sé fullnægjandi þannig að þeir sem slasist séu sem minnst háðir atvikalýsingu í slysaatburði þegar kemur að bótum. Í forvörnum er þörf á réttum lýsingum og umhverfið má ekki kalla á að því sé hagrætt.

Orsakir vinnuslysa eftir kyni og árum

		2012	2013	2014	2015	2016
Högg	Karlar	304	359	389	391	397
	Konur	147	153	161	181	160
Klemmdist, festist í vél	Karlar	114	160	133	130	135
	Konur	27	39	47	49	39
Fall á jafnsléttu	Karlar	180	174	212	244	225
	Konur	207	214	260	273	272
Fall af hærri stað	Karlar	134	148	181	167	174
	Konur	52	63	55	66	64
Hvass, beittur hlutur	Karlar	150	174	152	153	157
	Konur	56	55	73	71	72
Ofraun á líkama	Karlar	55	62	75	55	65
	Konur	32	32	47	38	29
Hiti eða kuldi	Karlar	24	16	26	31	22
	Konur	12	16	16	15	13
Rafstraumur, rafblossi	Karlar	2	3	4	9	4
	Konur	0	0	2	0	0
Hættuleg efni og efnasambönd	Karlar	19	30	29	21	26
	Konur	8	6	17	10	8
Annað	Karlar	141	145	145	176	191
	Konur	84	84	86	84	94

Orsakavaldar vinnuslysa lýsa því hvaða þáttur það er í vinnuumhverfinu sem er valdur að slysinu. Það er sem fyrr áberandi að lykilþáttur þessa er vinnusvæði almennt talað. Í þessu samhengi vegur góð umgengni mestu í slysavörnum. Við skoðun orsakavalda er mikilvægt að horfa til þess. Það kallar á skoðun hjá Vinnueftirlitinu að í yfir 600 slysum er orsakavaldur skráður „annað“.

Orsakavaldar vinnuslysa eftir kyni og árum í tilkynntum vinnuslysum

		2012	2013	2014	2015	2016
Iðnaðarvélar	Karlar	80	117	80	94	88
	Konur	22	30	29	34	24
Vinnuvélar (kranar, gröfur, lyftarar o.þ.h.)	Karlar	72	102	92	120	104
	Konur	7	13	12	15	12
Dráttarvélar, bú- og garðyrkjuvélar	Karlar	18	9	8	11	11
	Konur	1	0	1	0	2
Handverkfæri	Karlar	149	145	148	125	148
	Konur	40	48	55	60	52
Lyftur og búnaður til að lyfta fólki	Karlar	7	7	13	12	19
	Konur	7	0	4	3	4
Katlar, þrýstihylki, geymar o.þ.h.	Karlar	3	8	7	6	5
	Konur	0	1	1	1	0

Vinnusvæði (m.a. verkpallar, stigar, þök, hált yfirborð)	Karlar	254	249	319	313	300
	Konur	173	183	167	210	208
Efni og efnasambönd	Karlar	19	34	31	18	28
	Konur	8	7	18	10	6
Vörur, efni og hlutir (hrun, skriður o.þ.h.)	Karlar	65	101	69	85	79
	Konur	18	27	18	25	24
Rafbúnaður	Karlar	2	11	10	15	9
	Konur	2	2	3	2	3
Menn	Karlar	87	116	102	107	129
	Konur	77	77	108	103	98
Dýr	Karlar	17	15	12	15	16
	Konur	17	14	14	13	11
Annað	Karlar	290	318	390	382	385
	Konur	221	222	287	286	273

Líkamsáverkar

Líkamsáverkar í tilkynntum slysum á umliðnum árum hafa verið með nokkuð svipuðum hætti frá 2012. Tognanir ýmiss konar eru áfram algengustu áverkarnir og er mikilvægt að hafa í huga að nokkur hluti þeirra eru tognanir sem í eðli sínu getur leitt til varanlegs tjóns. Sérstaklega á þetta við um tognanir á hálsi og baki. Það er í sjálfu sér eftirtektarvert að ekki er sláandi munur milli kynja m.t.t. tegundar algengustu áverka að teknu tilliti til fjölda slysa hjá konum og körlum.

Tegundir líkamsáverka eftir kyni og árum (ath einstaklingur getur haft fleiri en einn áverka)

		2012	2013	2014	2015	2016
Innvortis blæðing (m.a. mar og blæðing inn í líkamshol)	Karlar	134	166	170	182	171
	Konur	69	80	94	104	82
Útvortis blæðing	Karlar	250	278	277	282	291
	Konur	90	98	114	111	115
Missir líkamshluta	Karlar	9	20	15	20	18
	Konur	2	2	6	3	5
Tognun, liðhlaup	Karlar	318	366	382	438	418
	Konur	216	226	258	283	280
Beinbrot	Karlar	199	221	228	243	254
	Konur	110	120	127	155	131
Bruni	Karlar	39	32	36	43	32
	Konur	14	20	21	18	18
Kal	Karlar	0	0	1	1	0
	Konur	0	0	0	1	0
Æting	Karlar	14	13	20	11	12
	Konur	2	5	11	5	2
Eitrun	Karlar	6	11	7	1	4
	Konur	2	0	0	1	3
Annað	Karlar	214	232	250	258	270
	Konur	136	132	140	153	156
Óskráð gögn	Karlar	4	19	30	9	23
	Konur	5	6	20	6	10

Vinnuslys eftir aldri og stöðu

Vinnuslys eru sem fyrr algengust meðal fólks yngri en 30 ára og hópurinn 19 til 24 ára, þeir sem eru að stíga sín fyrstu reglulegu skref á vinnumarkaði, er sá hópur þar flestir slasaðir eru árið 2015. Þá eru börn sem slasast í vinnu fleiri en 60. Þetta er þrátt fyrir lög um vinnu barna og ungmenna og skilyrði um nýliða fræðslu. Vinnuveitendur verða að axla ábyrgð og við sem samfélag að tryggja ungu fólki og nýliðum öruggt vinnuumhverfi, því hætt er við að þessir einstaklingar venjist því sem fyrir þeim er haft. Hér þarf að innræta núllslysasýn.

Tilkynnt vinnuslys eftir árum, kyni og stöðu

Enn eru íslensk ungmenni að slasast við vinnu. Þetta er þrátt fyrir að alveg skýrt er að börn eiga ekki að vera í hættulegu starfi. Þá er ljóst að fólk sem er að byrja starfsferilinn og er oft ófaglært starfsfólk, er stærsti hópurinn sem lendir í slysi. Þetta undirstrikar að vinnuvernd snýr að öllum og síðast en ekki síst þeim sem standa með einhverjum hætti höllum fæti á vinnumarkaði.

Tilkynnt vinnuslys eftir aldri, ári og kyni

Aldur		2012	2013	2014	2015	2016
0-18	Karlar	49	54	49	46	54
	Konur	35	19	24	18	26
19-24	Karlar	163	168	173	167	182
	Konur	79	82	101	102	83
25-29	Karlar	127	145	138	161	129
	Konur	46	55	61	77	70
30-34	Karlar	115	160	177	135	167
	Konur	53	57	56	67	55
35-39	Karlar	113	125	120	129	144
	Konur	49	51	57	64	79
40-44	Karlar	100	119	121	132	140
	Konur	52	52	65	57	65
45-49	Karlar	101	105	104	111	118
	Konur	52	67	71	69	69
50-54	Karlar	95	98	121	123	106
	Konur	64	76	87	96	89
55-59	Karlar	78	105	110	108	109
	Konur	90	68	90	101	76
60-64	Karlar	76	78	101	104	102
	Konur	46	59	65	73	76
65-69	Karlar	31	27	35	62	43
	Konur	20	25	29	26	22
70+	Karlar	7	4	5	14	13
	Konur	0	0	2	2	0
Samtals		1.641	1.800	1.962	2.037	1.992

Þegar horft er til stöðu þá eru um helmingur allra slasaðra ófaglærðir. Þetta rímar við þann stóra fjölda ungs fólks sem er að byrja á vinnumarkaði. Þetta minnir á að þekking og reynsla á eðli verks, áhættu og hættum því tengdu er nauðsynleg til þess að verkið verið unnið vel og af fullu öryggi. Það er gæðamál að tryggja að góð þekking sé til staðar og nauðsynlegt að tryggja menntun og endurmenntun á vinnumarkaði. Með því er unnið gott starf á öruggan hátt.

Tilkynnt slys eftir kyni, stöðu og ári

		2012	2013	2014	2015	2016
Atvinnurekandi	Karlar	39	37	35	39	32
	Konur	9	6	10	7	6
Verkstjóri, annar stjórnandi	Karlar	94	81	124	122	116
	Konur	34	40	54	57	56
Embættis- eða skrifstofumaður	Karlar	18	33	29	30	76
	Konur	30	29	35	44	47
Faglærður launþegi/nemi	Karlar	312	399	421	424	384
	Konur	148	174	209	207	207
Ófaglærður launþegi	Karlar	529	584	597	636	642
	Konur	341	337	382	410	360
Annað - hvað?	Karlar	62	54	46	41	51
	Konur	23	25	18	26	28
Óskráð gögn	Karlar	1	1	1	0	6
	Konur	1	0	1	1	6
Samtals		1641	1800	1962	2044	2019

Tilkynning vinnuslysa – þvingunarúrreði

Oft kemur það fyrir að atvinnurekendur skili ekki inn tilkynningum um vinnuslys til Vinnueftirlitsins eins og skylt er að gera skv. 1.-2. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er nauðsynlegt að atvinnurekendur tilkynni vinnuslys til stofnunarinnar svo hægt sé að halda uppi nákvæmri tölfræði um vinnuslys í landinu og koma í veg fyrir að slík slys endurtaki sig, t.d. með rannsókn Vinnueftirlitsins á orsökum þess. Oftast kemst Vinnueftirlitið að því að tilkynning hefur ekki borist, við samanburð á tilkynningum sem berast Sjúkratryggingum Íslands, en einnig kemst Vinnueftirlitið að slíku eftir ábendingar frá lögreglu. Þegar svo vill til þá sendir stofnunin viðkomandi fyrirtæki bréf þar sem það er áminnt um lagaskyldur sínar og þess krafist að það skili inn tilkynningu. Ef atvinnurekandi bregst ekki við þá er send ítrekun. Ef atvinnurekandi bregst ekki við ítrekun Vinnueftirlitsins þá fer málið til lögfræðilegrar meðferðar innan stofnunarinnar og eru lagðar á dagsektir, fyrst er þó atvinnurekanda veittur andmælaréttur í samræmi við stjórnsýslulög. Yfirleitt bregðast atvinnurekendur vel við umleitunum Vinnueftirlitsins og var einungis eitt fyrirtæki sektað vegna misbrests á því að tilkynna um vinnuslys 2016.

Þvingunaraðgerðir	2013	2014	2015	2016
Bréf þar sem krafist er að vinnuslys sé tilkynnt	*	197	702	500
Ítrekanir	*	30	177	124
Veiting andmælaréttar	1	1	11	11
Ákvörðun um álagningu dagsekta	0	0	1	1

* Upplýsingar ekki tiltækar

Rannsóknir

Rannsóknir hjá Vinnueftirlitinu árið 2016 lituðust áfram af því að aðeins tveir starfsmenn koma að hefðbundnum rannsóknum og báðir einvörðungu að hluta. Þrátt fyrir það hefur verið reynt áfram að vinna að rannsóknum.

Hægt er að kynna sér niðurstöður rannsókna, sem lokið er, á heimasíðu Vinnueftirlitsins, <http://vinnueftirlit.is>, undir hlekknum Rannsóknir.

1. Unnið var áfram að rannsóknum á afleiðingum af hruni bankanna, á starfsmenn þeirra, í samvinnu við Háskóla Íslands, Samtök starfsfólks í fjármálafyrirtækjum og dönsku rannsóknarstofnunina í vinnuvernd (Den nationale forskningscenter i arbejdsmiljø). Greinar hafa verið birtar í vísindatímaritum á sviði vinnuverndar og niðurstöður kynntar á málþingum og ráðstefnum.
2. Unnið var að rannsókn á fleiðruþekjuæxli en aðalorsök þess er asbestmengun. Rannsóknin var unnin í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala og Sóttvarnarlækni. Grein var birt í júlí 2016.
3. Unnið var að rannsókn á slysaforvörnum við fiskveiðar í samvinnu við Norrænar rannsóknarstofnanir. Skýrsla um rannsóknina mun birtast 2017 á vegum Norrænu Ráðherranefndarinnar
4. Unnið var við rannsókn á tilkynningum um einelti og aðra ótilhlýðilega háttsemi til Vinnueftirlitsins. Útdráttir hafa verið birtir á málþingum en unnið var að frekari greinaskrifum
5. Hafin var rannsókn á vinnuumhverfi eldra starfsfólks í samvinnu við Norrænar rannsóknarstofnanir. Skýrsla um rannsóknina mun birtast 2017 á vegum Norrænu Ráðherranefndarinnar

Birtar greinar

1. Tómasson K, Guðmundsson G, Briem H, Rafnsson V. Malignant mesothelioma incidence by nationwide cancer registry: a population-based study. *Journal of Occupational Medicine and Toxicology* 2016, 11:37 DOI 10.1186/s12995-016-0127-4.
2. Ásta Snorradóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, and Birgit Aust, 'The Experience and Practice of Social Support during Major Organizational Changes: The Case of the Bank Collapse in Iceland in 2008', *Int. J. Bus. Manag.*, 11:7 (2016). <http://www.ccsenet.org/journal/index.php/ijbm/article/viewFile/58180/32536>
3. A Snorradóttir, Guðbjörg Rafnsdóttir, Kristinn Tómasson, and Rúnar Vilhjálmsson, 'Lay-offs hurt the well-being even of those who keep their jobs', *LSE-bus. Rev.*, (2016). <http://eprints.lse.ac.uk/73489/1/blogs.lse.ac.uk-Lay-offs%20hurt%20the%20well-being%20even%20of%20those%20who%20keep%20their%20jobs.pdf>

Viðurkenningar til þjónustuaðila og sérfræðinga í vinnuvernd

Viðurkenning þjónustuaðila hefur fengið á sig nótad form. Á hverju ári hefur Vinnueftirlitið haldið námskeið sem hluta af viðurkenningarferli þjónustuaðila. Þjónustuaðilar eru viðurkenndir samkvæmt ferli sem lýst er á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Alls eru 8 aðilar nú með heildstæða viðurkenningu en 22 eru með sértæka viðurkenningu sem lýtur að völdum þáttum vinnuverndar. Rétt er að minna á að samkvæmt reglugerð þá þurfa þjónustuaðilar að endurnýja viðurkenningu sína á 4 ára fresti. Fyrir þjónustuaðila sem eru í virkri starfsemi þá má færa fyrir því rök að reynsla bendi til þess að vel mætti huga að því að lengja á milli þess tíma sem endurnýjað er, eftir að kominn er reynsla á starfsemi þjónustuaðilans.



Starfsmenn úr vinnuvéladeild í fyrirtækjaheimsókn

FRÆÐSLU OG UPPLÝSINGASTARF

Vinnuverndarnámskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði

Vinnueftirlitið heldur tveggja daga námskeið um vinnuvernd fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði og aðra þá sem hafa áhuga á vinnuverndarmálum og vilja bæta hjá sér vinnuumhverfið. Námskeiðið er á kostnað atvinnurekanda, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ávinningur af námskeiðinu er aukin þekking á vinnuverndarmálum og tækifæri til að bæta hjá sér vinnuumhverfið, fækka slysum og veikindadögum og stuðla almennt að betri líðan starfsmanna.

Alls voru haldin 20 vinnuverndarnámskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði á árinu, þar af voru 8 í Reykjavík. Námskeiðum í Reykjavík fækkar á milli ára um níu en námskeiðum á landsbyggðinni fjölgar um fjögur. Námskeiðin fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði á vinnustöðum eru haldin um allt land, allt eftir óskum og þörfum.

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir:	2013		2014		2015		2016	
	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.
Reykjavík	12	290	11	206	17	473	8	193
Landsbyggðin	9	111	9	106	8	149	12	181

Námskeið um gerð áhættumats starfa

Námskeið um áhættumatsgerð er einn þáttur í fræðslu- og kynningarstarfi Vinnueftirlitsins en á undanförunum árum hefur verið mikil áhersla á gerð áhættumats í fyrirtækjum. Samkvæmt reglugerð um vinnuverndarstarf á vinnustöðum (nr. 920/2006) er fyrirtækjum skylt að gera – eða láta gera, áhættumat á störfum starfsmanna á vinnustaðnum.

Námskeiðum í gerð áhættumats fækkaði um tvö í Reykjavík miðað við árið áður en haldin voru þrjú námskeið þar en ekkert á landsbyggðinni. Þátttakendum fjölgaði á milli ára í Reykjavík þó námskeiðum hafi fækkað. Á námskeiðunum voru að meiri hluta stjórnendur á vinnustöðum en einnig öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir, starfsmannastjórnar í fyrirtækjum og svo almennir starfsmenn.

Áhættumat starfa	2013		2014		2015		2016	
	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.
Reykjavík	5	47	6	62	5	44	3	52
Landsbyggðin	1	8	1	6	0	0	0	0

Réttindanámskeið

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla eru haldin reglulega á vegum Vinnueftirlitsins. Eftir bóklegt nám taka nemendur próf sem veitir leyfi til að fara í verklega þjálfun hjá leiðbeinanda sem til þess hefur réttindi. Þátttakendum hefur fækkað lítilsháttar frá árinu 2015. Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda námskeiða og þátttakenda síðustu þrjú árin.

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla	2014		2015		2016	
	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.
Frumnámskeið	35	732	34	734	37	785
Byggingakrana	4	40	4	43	3	45
Önnur vinnuvélanámskeið	34	444	59	796	30	516
Samtals	73	1.216	97	1.573	70	1.346

Fjöldi útgefna vinnuvélaskírteina hefur verið svipaður síðust þrjú ár en fækkun verklegra prófa á milli árunna. Taflan hér á eftir sýnir fjölda verklegra prófa og útgefna skírteina síðustu þrjú ár.

Verklegr próf og útgefin skírteini	2014	2015	2016
Útgefin vinnuvélaskírteini	2.343	2.447	2.397
Endurútgáfa	495	607	623
Samtals	2.838	3.054	3.020
Verklegr vinnuvélapróf	6.103	5.852	5.426

ADR – námskeið: Réttindanámskeið fyrir flutning á hættulegum farmi á vegum

Á Evrópska efnahagssvæðinu eru í gildi svokallaðar ADR-reglur um flutning á hættulegum farmi á vegum. Til að öðlast réttindi til að flytja hættulegan farm á vegum á Íslandi og annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu þurfa ökumenn að sitja sérstök réttindanámskeið. Allir þurfa að sitja þriggja daga grunnnámskeið sem veitir réttindi til stykkjavöruflutninga fyrir utan flutninga á sprengifimum farmi og geislavirkum farmi. Þá er boðið upp á þrenns konar framhaldsnámskeið, tveggja daga námskeið til að öðlast réttindi til að flytja hættulegan farm í tönkum, eins dags námskeið til að mega flytja sprengifim efni og eins dags námskeið til að fá réttindi til að flytja geislavirk efni.

Meginmarkmið námsins er að gera stjórnendum ökutækja grein fyrir hættunni sem fylgir flutningi á hættulegum farmi og kenna nauðsynleg grundvallaratriði til að draga eins mikið og verða má úr slysa-hættu. Einnig er markmiðið að kenna ökumönnum hvernig bregðast skuli við ef slys verður, til að verja sjálfan sig og umhverfið og draga úr áhrifum slyssins. Fjallað er um hvað er hættulegur farmur, undanþágur, skilgreiningar, flokkun farms í hættuflokka, pökkunarákvaði, fylgiskjöl, fylgibúnað, merkingu ökutækja og almenn flutningsákvæði. Þá er fjallað um hvern einstakan hættuflokk fyrir sig, hvaða hættur eru tengdar flutningi og hvaða sérákvæði gilda um viðkomandi flokk.

ADR-námskeið	2015		2016	
	Fj. námskeiða	Fj. þátttakenda	Fj. námskeiða	Fj. þátttakenda
Grunnnámskeið	9	116	8	105
Endurmenntunarnámskeið	5	35	7	69
Framhaldsnámskeið	15	112	16	87
Endurmenntun v. framhaldsnámskeiða	9	29	14	59

Asbestnámskeið 2016: Fjöldi námskeiða: 8, fjöldi þátttakenda: 118,

Fyrirlestrar í háskólum

Fyrirlestrar eru haldnir reglubundið hjá háskólunum, t.d. hjá félagsvísindaskor Háskóla Íslands, námskeiðið: Vinnuvistfræði og félagslegir áhættuþættir I og II. Einnig sjá starfsmenn Vinnueftirlitsins um kennslu fyrir nema í iðjuþjálfun og hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, og svo eru einnig haldin ýmis námskeið fyrir Endurmenntun Háskóla Íslands.


Heimasíða Vinnueftirlitsins <http://vinnueftirlit.is>

Heimsóknir á vef Vinnueftirlitsins sýna nokkuð reglulegt mynstur, með áþekktum fjölda heimsókna yfir vinnuvikuna en um helgar eru einungis brot af heimsóknum á hefðbundnum vinnudegi. Heimsóknir haldast nokkuð stöðugar fyrstu sex mánuði ársins en upp úr miðjum júní fer þeim fækkandi fram að verslunarmannahelginni en eftir það fer þeim fjölgandi aftur og ná sér á strik í byrjun september. Svo tekur við ákveðinn stígandi fram að Vinnuverndarvikunni í október en svo haldast þær nokkuð stöðugar þangað til þeim fer fækkandi upp úr miðjum desember.

Alls komu 40.856 notendur í 82.444 heimsóknir og skoðuðu 271.853 síður á vefnum. Meðal heimsóknin varði rúma í tvær og hálfa mínútu og 40% gesta létu duga að skoða efnið á forsíðunni. 81% gesta notuðu tölvu til að skoða vefinn en það er um 5% fækkun frá fyrra ári. 16% notaði farsíma en það er 60% aukning frá fyrra ári. 3% notuðu spjaldtölvur en það er fjórðungs fækkun frá fyrra ári. Ef við berum svo saman umferð milli ára 2015 og 2016 þá kemur í ljós að gestafjöldi stóð í stað á milli ára en þeir komu 10% oftar í heimsókn.

Fimm mest skoðuðu síðurnar voru:

- Forsíðan
- Fræðsla
- Áhættumat
- Um Vinnueftirlitið
- Lög, reglur og staðlar



Útgáfa

Heimasíður opinberra stofnana hafa smám saman verið að leysa af hólmi pappírs útgáfu fræðsluefnis, myndbandasöfn og sérfræðibókasöfn þeirra. Fólk beinir sjónum í síauknum mæli að veraldarvefnum þegar leita skal upplýsinga en á móti dregur hratt úr eftirspurn eftir útgefnu efni á pappírformi og myndbandaspólum eða diskum. Þó er haldið úti pappírútgáfu af bæklingum og námsefni sem notað er á námskeiðum Vinnueftirlitsins.

Stór hluti af útgáfunni er gefinn út rafrænt. Slíkt efni er hægt að nálgast á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Einnig er þýtt töluvert af efni frá Vinnuverndarstofnun Evrópu t.d. bæklingar fyrir vinnuverndarvikuna og ýmsar greinar sem birtar eru á heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Fræðslu- og leiðbeiningarit:

- Nr. 35 Sættum okkur ekki við einelti, áreitni, ofbeldi (2016)
- Nr. 36 Enginn á að sætta sig við einelti, áreitni, ofbeldi (2016)
- Nr. 36e No one should accept violence bullying harassment (2016)
- Nr. 36p Nikt nie powinien akceptować mobbingu zastraszania i nekania (2016)



Önnur útgefin gögn

- Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2016
- Rafrænt fréttabréf um vinnuvernd

Dreifibréf gefin út á árinu

- Dreifibréf vegna vinnu barna og unglinga
Dreifibréf til forvarsmanna fyrirtækja og stofnana og annarra er málið varðar - Gefið út 30. maí 2016
- Dreifibréf vegna eftirlitsáttaks í fiskvinnslu
Dreifibréf til forvarsmanna fyrirtækja í fiskvinnslu - Gefið út 2. maí 2016

Staðreyndablöð

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) gefur reglulega út svokölluð staðreyndablöð (Fact Sheets) um ýmsa efnisþætti vinnuverndar. Staðreyndablöðin eru þýdd á íslensku og birt á heimasíðunni eftir hendinni.

- Nr. 67 Viðhald og hættuleg efni í efnaiðnaði
- Nr. 70 Vinnuverndarmál í tengslum við grænar byggingar
- Nr. 71 Gátlisti fyrir hættugreiningu (áhættumat)
- Nr. 73 Nanóefni í heilbrigðisgeiranum: Áhættur í vinnuvernd og forvarnir
- Nr. 74 Nanóefni í viðhaldsstarfi: Vinnuverndaráhættur og forvarnir

Þýtt efni frá Vinnuverndarstofnun Evrópu á heimasíðu

- Útreikningur á kostnaði við vinnutengda streitu og sálfélagslegar áhættur – umsögn um útgefið efni. Vinnuverndarstofnun Evrópu - EU-OSHA stóð að gerð þessarar skýrslu.
- **Græn störf og vinnuvernd:** Framtíðarspá er varðar nýjar áhættur sem tengjast nýrri tækni fram til ársins 2020 – vinnusmiðja fyrir landsskrifstofur ESB

ÁTAKSVERKEFNI

Vinnuverndarvikan 2016

Slagorð átaksins 2016 – 2017 var: Vinnuvernd alla ævi



Allt frá árinu 2000 hefur Evrópska vinnuverndarvikan verið haldin undir forystu Vinnuverndarstofnunar Evrópu sem hefur aðsetur í Bilbao á Spáni. Þetta sameiginlega átak Evrópuþjóða nær hámarki í eina viku seinni hluta októbermánaðar ár hvert.

Markmiðið með vinnuverndarvikunni er að vekja athygli fólks á vinnuvernd og ákveðnum þáttum í vinnuumhverfinu í þeim tilgangi að gera vinnustaðina heilsusamlegri og öruggari. Starfshópur, skipaður fulltrúum Vinnueftirlitsins, sér um framkvæmd verkefnisins hér á landi.

Ráðstefna Vinnuverndarvikunnar 2016

Ráðstefnan var haldin á Hilton Reykjavík Nordica, 20. október frá kl. 13 - 16. Ráðstefnustjóri: Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu. Ráðstefnan var öllum opin og aðgangur ókeypis og má sjá dag-skrána hér:

- 13:00 Setning: Eygló Harðardóttir, ráðherra félags- og húsnæðismála
- 13:10 „Vision Zero“ - going beyond compliance in ensuring occupational safety and health for workers of all ages. Pete Kines Senior Researcher, psychologist, PhD-civil engineer Division of Safety Research
- 13:55 Réttindi barna: Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna
- 14:10 Spaugilegar hliðar vinnuverndar: Þorsteinn Guðmundsson, grínisti
- 14:25 Hlé
- 14:50 Upplifun ungra starfsmanna af vinnuvernd: Jökull Smári Jakobsson og Kristín Ólafsdóttir, frá Hinu húsinu
- 15:05 Vinna barna og ungmenna - reglugerðir og vinnuslys: Guðmundur Þór Sigurðsson, verkefnastjóri Vinnueftirlitinu
- 15:20 Skólakerfið og vinnuvernd: Ingi Bogi Bogason, aðstoðarskólameistari Borgarholtsskóla
- 15:35 Velliðan til árangurs: Fanný Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Toyota
- 15:50–16:00 Samantekt og ráðstefnu slitið: Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins

Ráðstefna á Egilsstöðum

Mánudaginn 28. nóvember var haldin ráðstefna í tengslum við Vinnuverndarvikuna 2016 í Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum frá kl. 13 til 16. Ráðstefnan var öllum opin og mættu margir víða að frá svæðinu.

Ráðstefnustjóri var Guðmundur Þór Sigurðsson verkefnastjóri hjá Vinnueftirlitinu. Þema ráðstefnunnar var það sama og vinnuverndarvikunnar: „Vinnuvernd alla ævi“


Forvarnarráðstefna VÍS og Vinnueftirlitsins



Forvarnarráðstefna VÍS og Vinnueftirlitsins var haldin í sjöunda sinn en árlega hefur verið samvinna um að halda ráðstefnu um öryggismál. Ráðstefnan var haldin á Grand Hótel Reykjavík 4. febrúar og var með hefðbundnu sniði. Þátttaka var mjög góð. Heiti ráðstefnunnar að þessu sinni var Áskoranir atvinnulífsins í öryggismálum.

Fiskvinnsluátak 2014 – 2016

Vinnueftirlitið hefur á árunum 2014 – 2016 staðið fyrir átaksverkefni í eftirliti með fiskvinnslufyrirtækjum. Megin ástæða þess að farið var í átakið var að slysum í fiskvinnslu hafði fjölgað töluvert, alvarleg slys höfðu orðið í greininni og slys höfðu ítrekað orðið þar sem vélbúnaður uppfyllti ekki ákvæði gildandi reglna. (sjá mynd).



Stofnaður var teymishópur séfræðinga þvert á deildir Vinnueftirlitsins sem útfærði átakið og eftirlitsheimsóknir.

Í áttinu var farið í 50 eftirlitsheimsóknir í u.þ.b. tuttugu fiskvinnslufyrirtæki. Farið var í bolfiskvinnslu, uppsjávarvinnslu og nokkrar bræðslur heimsóttar. Ætlunin var að skoða einungis vélar og tæki fiskvinnslunnar en ekki var hægt að horfa fram hjá ástandi mála vegna öryggis annars búnaðar, t.d. öryggis við efnageymslur, kæli- og frystiklefa sem og öryggi í og við vélarúm. Einnig var áberandi í fyrstu heimsóknunum hversu hátt fiskikerjum var staflað og ástand þeirra var lélegt.

Eftirlitsheimsóknir

Í hverja eftirlitsheimsókn í áttinu fóru 2–4 starfsmenn frá Vinnueftirlitinu. Í öllum eftirlitsheimsóknum var farið um fyrirtækin með stjórnendum eða millistjórnendum, gæðastjóra, verkstjóra / verksmiðju- stjóra, vélamanni, öryggistrúnaðarmanni og/eða öryggisverði. Heimsóknirnar hófust alltaf í móttökusal en síðan var farið yfir í vélasal við hausunar- og flökunarvélar. Fiskurinn var síðan eltur í gegnum húsið frá móttöku til pökkunar. Fyrir og eftir skoðanir var alltaf fundað með fyrirtækjunum. Svipað fyrirkomulag var í heimsóknunum í bræðslurnar, þar var hráefninu fylgt eftir í gegnum verksmiðjuna. Í öllum heimsóknum var farið yfir tilkynnt vinnuslys hjá fyrirtækjunum seinustu ár og forsvarsmenn fyrirtækjanna spurðir um nýleg og alvarleg slys. Aðstæður þar sem þessi slys urðu, voru skoðaðar sérstaklega.

Vegna fjölda atriða sem ekki voru í lagi hjá fiskvinnslunni var strax ákveðið að taka myndir af því sem bæta þyrfti úr. Með hverri eftirlitsskýrslu fylgdi myndaskjal þannig að ekki færi á milli mála hvað var verið að gefa fyrirmæli um. Í fyrstu heimsóknum voru gefin að meðaltali 25 fyrirmæli. En mest voru gefin í einu fyrirtæki 40 fyrirmæli. Í ljós kom að langflest fyrirmæli tengdust vélum og tækjum hjá öllum fyrirtækjunum. Einnig kom snemma í ljós í áttinu að u.þ.b. 80% fyrirmælanna voru þau sömu hjá öllum fiskvinnslum. Þetta er að mörgu leiti „jávætt“ og ætti að auðvelda Vinnueftirlitinu að skoða og gefa fiskvinnslufyrirtækjum fyrirmæli.

Margir talsmenn fiskvinnslufyrirtækjanna töldu að flest vandamál þeirra væru einstök og ættu einungis við hjá sínu fyrirtæki. Það er alrangt því öll fiskvinnslufyrirtæki eru að glíma við sambærileg vandamál varðandi öryggi og heilbrigði.



Snyrtilega gengið frá hnífum á vinnustað

Samstarf

Í tengslum við átakið sendi Vinnueftirlitið út þrjú dreifibréf til m.a. stjórnenda fiskvinnslufyrirtækja og framleiðendur fiskvinnsluvéla.

Vinnueftirlitið hafði í áttakinu samstarf við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), þjónustuaðila í vinnuvernd, tryggingarfélag og framleiðendur fiskvinnsluvéla. Í kjölfar átaksins héldu SFS og Vinnueftirlitið saman ráðstefnu um öryggismál. Áform eru um áframhaldandi samstarf til að efla öryggi og heilbrigði í fiskvinnslu með það að markmiði að fækka slysum.

Í seinni hluta átaksins var tekin í notkun svokölluð fimm fyrirmæla aðferð þar sem krafa var gerð á fyrirtækin um ráðgjöf utanaðkomandi þjónustuaðila í vinnuvernd.

Sérfræðiteymi Vinnueftirlitsins mun gefa út skýrslu um átakið og vonast er til að þessi vinna skili sér í vitundavakningu um öryggismál og fækkun á slysum í greininni. Raunverulegur árangur verkefnisins kemur kannski ekki í ljós fyrr en að nokkrum árum liðnum.

Eftirfylgni

Til að stuðla að auknu öryggi í fiskvinnslufyrirtækjum telur sérfræðiteymi Vinnueftirlitsins að það þurfi að fylgja áttakinu eftir og heimsækja öll fyrirtækin aftur á næstu 2-3 árum (um 200 fiskvinnslufyrirtæki). Auk þess sem áframhaldandi samstarf með hagsmunaaðilum sem tengjast greininni eins og SFS, framleiðendum fiskvinnsluvéla og tryggingafélögum er mjög mikilvægt til árangurs.

SAMSTARF VINNUEFTIRLITSINS VIÐ ÝMSAR STOFNANIR O.FL.

Vinnueftirlitið hefur skipulegt samstarf um ýmiss konar verkefni er varða vinnuvernd, stórslysavarnir o.fl. við margar almannastofnanir samanber upptalningu að neðan:

Innlent samstarf

- Samtarf við VÍS um undirbúning, stjórnun, erindi og þátttöku í sameiginlegum ráðstefnum.
- Vinnuhópur fulltrúa velferðarráðuneytisins, Vinnueftirlitsins, Vinnumálastofnunar samtaka aðila vinnumarkaðarins um breytingar á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Þátttaka í vinnustofu vegna leyfisveitinga í ferðaþjónustu.
- Ýmsir fundir með velferðarráðuneyti
- Samstarf við Neyðarlínuna varðandi útköll vegna rannsókna vinnuslysa sem berast gegnum 112.
- Þátttaka í stjórn Byggingarstaðlaraðs.
- Þátttaka í Lagnafélagi Íslands og tengiliður við Lagnakerfamiðstöð Íslands.
- Samvinna við Byggingafulltrúann í Reykjavík
- Samvinna við Mannvirkjastofnun og Ríkislögreglustjóra um stórslysavarnir
- Samvinna við Orkustofnun um rannsóknir
- Samvinna við slökkvilið og lögreglu um efnageymslur og flutning
- Samvinna við samtök á vinnumarkaði um vinnuvernd
- Samvinna við Samgöngustofnu um flutning á efnum o.fl.
- Samvinna við Umhverfisstofnun um stórslysavarnir, efnavarnir o.fl.
- Þátttaka í verkefnahóp sem innanríkisráðuneytið setti á laggirnar til að vinna að umbótum í mansmálum og endurskoðun aðgerðaráætlunar gegn mansali.

Erlent samstarf

Norrænt samstarf

- Þátttaka og formennska í Norrænu vinnuverndarnefndinni. Ráðning nýs ritara fyrir nefndina. Árleg skýrsla um störf nefndarinnar var tekin saman í árslok.
- Þátttaka í stjórn NIVA - Norrænu fræðslustofnunni í vinnuvernd, í Helsinki

Evrópskt samstarf á grundvelli EES samningsins

- Samstarf við fulltrúa evrópskra vinnueftirlita vegna OiRA verkefnis á vegum Vinnuverndarstofnunar Evrópu.
- Evrópska samstarfsnefndin um varnir gegn meiriháttar efnaslysum, "Seveso Committee". Nefndin starfar að samræmingu forvarna og framkvæmdar löggjafar á þessu sviði og heldur utan um gagnagrunna um skráningarskyldar starfsstöðvar og slys og óhöpp sem verða.
- Vinnuverndarstofnun Evrópu í Bilbao á Spáni. Meginviðfangsefnið eru að vera öflugur samstarfsvettvangur á sviði vinnuverndar, standa fyrir herferðum til að auka vitund fólks og miðla upplýsingum, þróun verkfæra sem nýtast við forvarnir og greining og rannsóknir til þekkingaröflunar og miðlunar. Ísland hefur þrjú áheyrnarsæti í stjórn stofnunarinnar (Vinnueftirlitið, SA og ASÍ) en Vinnueftirlitið er jafnframt tengiliður stofnunarinnar á Íslandi í gegnum svo kallað "Focal Point" net en það samanstendur af fulltrúum frá ESB ríkjunum og EFTA ríkjunum, einn frá hverju landi.
- Ráðgjafarnefnd framkvæmdastjórnar ESB um vinnuvernd, ACSH. Starf hennar felst í virkri þátttöku í stefnumótun og löggjafarstarfi ESB sem og gerð leiðbeininga um túlkun og framkvæmd löggjafar (tilskipana). Ísland á þrjú áheyrnarsæti í nefndinni (Vinnueftirlitið, SA og ASÍ).
- Samstarfsnefnd vinnueftirlita ESB, SLIC. Nefndin vinnur að samræmingu og þróun eftirlits með vinnuaðstæðum innan ESB/EES. Hún stendur m.a. fyrir sameiginlegum átaksverkefnum og faglegum úttektum á starfi einstakra eftirlitsstofnana.

Annað erlent samstarf

- Alþjóðavinnuálastofnunin, ILO. Stofnunin stendur fyrir gerð alþjóðasamþykktar og tilmaela til stjórnvalda, m.a. á sviði vinnuverndar. Nokkrar slíkar samþykktir hafa verið fullgiltar hér á landi. Vinnueftirlitið hefur ekki tekið beinan þátt í þessu starfi um nokkurra ára skeið, en fylgst er með því sem fram fer.
- Efnaöryggisnefnd OECD. Vinnueftirlitið á aðild að nefndinni sem hefur það markmið að efla forvarnir gegn efnaslysum. Nefndin hefur m.a. staðið fyrir ráðstefnum þar sem lærdómur er dreginn af slysum sem orðið hafa og þróað verkfæri til forvarna (t.d. "OECD safety performance indicators").



Golfarar úr golfklúbbi Vinnueftirlitsins, GOLVER, að spila í Vestmannaeyjum í ágúst 2016

